



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. febrúar 2024 um eftirfarandi mál:

Laugardalur - Þjóðarhöll - breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka en innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er 20.000 m². Jafnframt minnkar lóð G og framlengdur Vegmúli inn í Laugardal og lóð fyrir bílakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR eru felld út úr skipulagi, samkvæmt uppfærðum deiliskipulags- og skýringaruppdr. Landslags, dags. 8. mars 2023, br. 20. febrúar 2024. Tillagan var auglýst frá 25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Íbúaráð Laugardals, dags. 9. maí 2023, Borgarsögusafn Reykjavíkur, dags. 6. júlí 2023, Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, dags. 7. júlí 2023 og Minjastofnun Íslands, dags. 20. júlí 2023. Einnig er lögð fram fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 231, dags. árið 2024, Húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla 232, dags. árið 2024. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. febrúar 2024. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsókn skipulagsfulltrúa, dags. 15. febrúar 2024. Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2024. Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins:

Breyting á deiliskipulagi Laugardals vegna Þjóðarhallar er mikilvægt skref í undirbúningi og skipulagi framkvæmda við byggingu nýrrar fjölnota Þjóðarhallar sunnan við Laugardalshöll. Þjóðarhöllin mun setja sterkan svip á umhverfi sitt og því mikilvægt að byggt verði af metnaði og stórhug rétt eins gert var þegar Laugardalshöllin reis um miðja 20. öld. Í því samhengi er því fagnað að í kjölfar auglýsingar sé sett hverfisvernd á hluta Laugardalshallar sem tryggir betur að ásýnd hennar sé tryggð eftir því sem umhverfi Laugardalarins byggist upp og þróast. Aðalaðkoma að Þjóðarhöllinni verður úr suðri frá aðkomutorgi sem tengt verður við fyrirhugaða borgarlínustöð við Suðurlandsbraut. Mikilvægt er að huga vel að hönnun útisvæða við áframhaldandi vinnu við verkefnið. Við fögnum þessari vinnu sem kemur til með að bylta aðstöðu til íþróttaiðkunar í Laugardalnum.



Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Við fögnum breytingum á deiliskipulagi Laugardals vegna Þjóðarhallar sem mun stórbæta aðstöðu til íþróttaiðkunar og tryggja að Laugardalurinn verði áfram vagga íþróttahreyfingarinnar í landinu. Mikilvægt er að gott aðgengi verði tryggt að Laugardalnum fyrir alla fararmáta. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að fella niður 140 bílastæði aftan við Laugardalshöllina og Frjálsíþróttahöllina sem ekki stendur til að bæta upp. Til að unnt verði að tryggja aðgengi allra fararmáta að Laugardalnum verður að bæta upp þau stæði sem fyrirhugað er að afleggja.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Fylgiskjöl: Deiliskipulags- og skýringaruppr. Landslags, dags. 8. mars 2023, br. 20. febrúar 2024, umsagnir Íbúaráðs Laugardals, dags. 9. maí 2023, Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 6. júlí 2023, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, dags. 7 júlí 2023 og Minjastofnunar Íslands, dags. 20. júlí 2023, fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 231, dags. árið 2024, Húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla 232, dags. árið 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. febrúar 2024.




- SKÝRINGAR
- MÖRK DEILISKIPLAGSBREYTINGAR
 - MÖRK AUSTUR- OG VESTURSVÆDIS
 - LÓÐARMÖRK
 - BYGGINGARREITUR
 - NÚVERANDI BYGGING
 - AKANDI UMFERÐ
 - GANGSTÍGAR, leiðbeinandi lega ADALSTÍGAR
 - OPID SVÆÐI
 - RAFSTRENGUR
 - RAFSTRENGUR - FÆRDUR
 - HEITAVATNSLÖGN

20.2.2024. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGU:
 Formynjar merktar inn á upprátt


LAUGARDALUR - ÞJÓÐARHÖLL
 DEILISKIPLAGSBREYTING
 SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

KVARDI-A1: 1:1000	TEIKN NR: 2 AF 2
DAGS: 08.03.2023	HANNAÐ: ph
FLOKKUR: 000-reyl-laufd_A	TEIKNAD: ph/er
SKRÁ: 22215-pl.dwg	VERKNR: 22215







SNID A-A 1:500




SNID B-B 1:500



Engjavegur 6 - Gildandi deiliskipulag
Auglýst í B-deild 09.07.2010



Engjavegur 8 - Gildandi deiliskipulag
Auglýst í B-deild 13.06.2003



LAUGARDALUR TILLAGN AD BREYTINGU 1:2000



HLUÐI ADALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2040
STAÐSETNING SKIPULAGSSVÆÐIS

LAUGARDALUR - GILDANDI DEILISKIPULAG 1:200

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGING
- AKANDI UMFERÐ
- GANGSTÍGAR, leiðbeinandi lega ADALSTÍGAR
- OPÍÐ SVÆÐI
- RAFSTRENGUR
- RAFSTRENGUR - FÆRDUR
- HEITAVATNSLÖGN
- MINJAR

Laugardalur - Laugardalshöll
Deiliskipulagsbreyting vegna Þjóðarhallar fyrir innanhússknattiþróttir greinargerð og skilmálar

Forsendur deiliskipulagsbreytingar:
Deiliskipulagsbreyting þessi er gerð vegna áforma um byggingu Þjóðarhallar fyrir innanhússknattiþróttir og stórvörubúði eins og tónleika og sýningar. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslunni *Þjóðarhöll í Laugardal, frumathugun Framkvæmdanefndar um Þjóðarhöll (desember 2022)*.

Lóð Laugardalshallar er stækkuð til að rúma bygginguna milli núverandi Laugardalshallar og stofnstiga meðfram Suðurlandsbraut. Staðarval tekur mið að samlegðaráhrifum í rekstri nýrrar og núverandi íþróttahalla sem og nálægð við fyrirhugaða borgarlinustöð á Suðurlandsbraut austan gatnamóta við Vegmúla. Byggingunni eru settar nokkuð þröngur skorður vegna aðstæðna. Þar ber helst að telja landshalla, nálægð við mikilvægar veitulagnir, þ.e. hitaveitustofnað og háspennustreng sem ekki er hægt að breyta nema að mjög litlu leyti.

Breytingin felur í sér eftirfarandi atriði:

- Framlengdur Vegmúli inn í Laugardal er felldur út af deiliskipulagi.
- Lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka til suðurs í átt að Suðurlandsbraut og að stíg sem liggur norðan æfingasvæðis fyrir fótbolta á milli Suðurlandsbrautar og Engjavegar. Lóðin stækkar úr 30.260 m² í 35.030 m².
- Vegna stækkunar lóðar F minnkar lóð G lóð úr 16.561 m² í 13.921 m².
- Gert er ráð fyrir að rafstrengur sem liggur í öxl stígs milli Laugardalshallar og Suðurlandsbrautar geti hliðrast á stuttum kafla út fyrir stækkaða lóð og byggingarreit Laugardalshallar fyrir nýja Þjóðarhöll.
- Innan byggingarreits lóðar F er gert ráð fyrir Þjóðarhöll fyrir innanhússknattiþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar Þjóðarhallar er 20.000 m² og hámarkshæð frá aðalgólfi Laugardalshallar er 21,0 m. Bílastæðum fækkar á lóðinni þar sem hluti bílastæða fellur undir stækkaðan byggingarreit. Ekki er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum á lóðinni, einungis nauðsynlegum aðkomusvæðum vegna viðburða.
- Lóð fyrir bílakjallara sunnan byggingar ÍsÍ og ÍBR er felld út úr deiliskipulagi.

Skipulagsskilmálar:
Þjóðarhöll:

Byggingin verður stærðar sinnar vegna áberandi í umhverfi Laugardalsins og allir möguleikar á að hún verði myndarlegt kennileiti í borgarlandslaginu. Áhersla skal því vera á byggingarlist af hæstu gæðum. Gert er ráð fyrir að aðalgólfi Laugardalshallar, frjálisþróttahallar og Þjóðarhallar verði allar á sama kóta. Aðstæður í landi gera það að verkum að Þjóðarhöllin mun grafast að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að samgöngustíg norðan Suðurlandsbrautar. Við staðsetningu aðalinnanga er mikilvægt að horfa til væntanlegrar borgarlinustöðvar á Suðurlandsbraut, vestan gatnamót við Vegmúla. Vega og meta skil möguleika á að tengja aðkomuleið að höllinni með brú yfir samgöngustígana. Heimilt er að útsæra tengingunni milli hallanna þriggja þannig að þak hennar nýtist sem útsvæði.

Hámarkshæð Þjóðarhallar er 21 m yfir aðalgólfum íþróttahallanna. Hámarksbyggingarmagn er 20 þúsund fermetrar.

Hönnun byggingarinnar skal innifela viðurkennt umhverfsvottunarferli og miðast við að byggingin hljóti slíka vottun (eins og t.d. BREEAM fyrir byggingar).

Stígatengingar:
Gert er ráð fyrir að núverandi aðgreindir hjóla- og göngustígar norðan Suðurlandsbrautar fari óbreyttir í gegnum suðurjaðar breytingarsvæðisins. Fyrirkomulag Þjóðarhallarinnar á lóðinni má ekki hindra eðlilegt flæði gangandi og hjólandi inn í Laugardal. Sérstaklega skal huga að leiðum frá fyrirhugaðri borgarlinustöð á Suðurlandsbraut bæði að nýrri Þjóðarhöll og öðru aðdráttarafli í Laugardal. Aðkomuleiðir að Þjóðarhöllinni verði greiðar fyrir gangandi frá borgarlinustöð og aðgengilegar öllum.

Bílastæði:
Byggingarreitur Þjóðarhallar fer yfir 140 bílastæði aftan við Laugardalshöll og Frjálisþróttahöll. Ekki er gert ráð fyrir að bæta þau stæði upp með nýjum stæðum annars staðar á lóðinni. Fellur það að hugmyndum um að draga úr bílaumferð í Laugardal og leggja auknar áherslur á vistvæna samgöngumáta. Borgarlinustöðin gegnir þar lykilhlutverki.

Háspennustrengur:
Háspennustrengur liggur í norðurkanti samgöngustígs sunnan Laugardalshallar. Ekki er hægt að breyta legu strengsins nema á stuttum kafla rétt syðst þar sem hann mætir broti á legu háitalagnar.

Háitalögn: Háitalögn liggur í norðausturstígbrún við lóðarmörk Laugardalshallar. Hún verður ekki færð.

20.2.2024. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGU:
Fornleifaskráningin felur í sér eftirfarandi varðveislumát:
Á framkvæmdasvæðinu eru skráðir 3 minjastaðir undir jörðina Laugarnes. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er ætlaðar út frá heimildum. Minjarnar tilheyra fyrstu byggð erfðafestubýla á svæðinu Þvottalaugablettum í Laugarnesi, býlum Múla (230-195) og Laugabrekkunni (230-196-197). Ekki er framtíðsdóm minjurnar er sjáanlegt á yfirborði, en geta leynst í jörðu sem fornlifur. Lagt er til að settar verða upp menningarmerkingar á svæðinu og saga svæðis kynnt.

Viðbrögð:
Punktur eru settir inn á deiliskipulagsupprátt og eru tveir þeirra utan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Enginn punktanna er innan byggingarreits Þjóðarhallar.
Stæði fjóss sem tilheyrið Laugabrekkunni snertir byggingarreit ÍsÍ vestast á breytingarreitnum.

Húsakönnunin metur varðveislugildi Laugardalshallar hátt og felur í sér eftirfarandi tillög:
Lagt er til að Laugardalshöll (Engjavegur 8, mhL01) verði vernduð í raðum flokki: Einstök hús, húsaarðir og gátumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistalegrar, menningarleglegrar og/eða umhverfislegar sérstöðu þeirra. Mikilvægt er að fram komi í skilmálum deiliskipulags að við hönnun og útfærslu fyrirhugaðrar Þjóðarhallar á svæðinu, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina mun hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, skuli tekið tillit til hönnunar og ásyndar hinnar eldri byggingar. Mikilvægt er að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurlíði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

Viðbrögð:
Hverfisvernd er sett á austur- og norðurhlíð meginbyggingar Laugardalshallar. Suðurbygging með búningaklefum er undanskilin og má verða hluti af Þjóðarhöll.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT

Í _____ ÞANN _____ 2023 OG
Í _____ ÞANN _____ 2023.

TILLAGN VAR AUGLÝST FRÁ _____ 2023 MED

ATHUGASEMDAFRESTI TIL _____ 2023.

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B - DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____ 2023.

20.2.2024. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGU:
Eftir auglýsingu breytingartillögu var unnin fornlifaskráning fyrir breytingarreitinn og birt með skýrslu Borgarsögusafns nr. 231
Einnig var unnin húsakönnun fyrir reitinn og birt með skýrslu Borgarsögusafns nr. 232.
Sjá nánar texta til hliðar aftan við greinargerð.

LAUGARDALUR - ÞJÓÐARHÖLL
DEILISKIPULAGSBREYTING
SKIPULAGSUPPRÁTTUR

KVARDI-A1: 1:2000	TEIKNR: 1 AF 2
DAGS: 08.03.2023	HANNAÐ: þh
FLOKKUR: 000-reyl-laufd_A	TEIKNAD: þh/er
SKRÁ: 22215-pl.dwg	VERKNR: 22215





Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Laugardals - tillaga að breyttu deiliskipulagi Laugardals - Þjóðarhöll

Á fundi íbúaráðs Laugardals 8. maí 2023, var lögð fram og samþykkt umsögn íbúaráðs Laugardals, dags. 8. maí 2023, um tillögu að breyttu deiliskipulagi Laugardals – Þjóðarhallar, ásamt bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. apríl. 2023, vegna auglýsingar á tillögu að breyttu deiliskipulagi Laugardals – Þjóðarhallar, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Í samræmi við afgreiðslu ráðsins er hjálagðri umsögn hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða

Umsögn íbúaráðs Laugardals, dags. 8. maí 2023, um tillögu að breyttu deiliskipulagi Laugardals – Þjóðarhallar

Íbúaráð Laugardals vill ítreka þær áhyggjur sem fram hafa komið vegna aðstöðuleysis til íþróttaiðkunar barna og ungmenna í dalnum bæði hvað varðar skóla og íþróttafélög hverfisins.

Ráðið harmar einnig að ekki hefur verið kallað eftir álit og afstöðu íbúa hverfisins. Lítið sem ekkert samráð hefur verið haft um vilja íbúa til þess að fá slíkt mannvirki í hverfið. Er ráðinu sérstaklega umhugað um aðgengismál innan hverfisins á stórum viðburðum.

Ráðið tekur undir áhyggjur skólanna sem og íþróttafélaga hverfisins og kallar eftir ítarlegum svörum við þeim spurningum og athugasemdum sem fram hafa komið, sbr. sameiginleg ályktun Ármanns og Þróttar dagsett 16. febrúar 2023. Afkastageta hallarinnar hefur ekki verið lögð fram og því ekki vitað hversu gott svigrúm verði fyrir íþróttafélögin eða skólana sem tryggi aðgengi þeirra að húsnæðinu.

Kallað verði eftir því að fulltrúar hverfisins fái aðkomu að þarfagreiningu og frekari vinnu og þróun. Að hverfið fái að upplifa að í boði verði eðlileg þjónusta fyrir öll í Laugardalnum, í annað hvort þjóðarhöllinni eða Laugardalshöll. Fer ráðið fram á að íþróttaiðkun barna og kennsla skv. aðalnámskrá verði ekki víkjandi breyta í skipulagi og uppbyggingu innviða hverfisins.

Á sama tíma og ráðið fagnar því að verið sé að stefna að því að byggja upp góðan og löngu tímabærann þjóðarleikvang þá er það krafa að framkvæmdin þjóni íbúum hverfisins. Er það skilningur ráðsins að þjóðarleikvangurinn hafi á umræðu- og skipulagsvettvangi, yfirtekið þá aðkallandi þörf, að skortur er á íþróttamannvirki fyrir skóla og íþróttafélög hverfisins.



Reykjavík, 6. júlí 2023
BOS23070001
04.03

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, Umhverfis- og skipulagssviði

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Þjóðarhöll – Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Laugardals

Með tölvupósti dags. 22.6.2023 óskar Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri, fyrir hönd skipulagsfulltrúa, eftir umsögn Borgarsögusafns um breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna uppbyggingar nýrrar þjóðarhallar. Með erindinu fylgja skipulagsuppráttur og skýringaruppráttur, dags. 8.3.2023, sem lagðir hafa verið fram til auglýsingar, auk auglýsingar skipulagsfulltrúa, dags. 25.4.2023.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóð Laugardalshallar (lóð F) og byggingarreitur stækka og að innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Samkvæmt uppráttunum mun nýja bygging rísa á svæði sunnan Laugardalshallar, þar sem nú eru bílastæði og grænt svæði.

Í skipulagsskilmálum er tekið fram að: „Byggingin verður stærðar sinnar vegna áberandi í umhverfi Laugardalsins og allir möguleikar á að hún verði myndarlegt kennileiti í borgarlandslaginu. Áhersla skal því vera á byggingarlist af hæstu gæðum. ... Aðstæður í landi gera það að verkum að þjóðarhöllin mun grafast að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að samgöngustíg norðan Suðurlandsbrautar. ... Heimilt er að útfæra tengibygginu milli hallanna þriggja þannig að þak hennar nýtist sem útisvæði.“

Borgarsögusafn vekur athygli á að *ekki hefur verið gerð húsakönnun* með varðveislumati á þeim byggingum sem þegar standa á svæðinu, en samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar“ þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

Ekki hefur heldur verið unnin fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið, eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 segja til um og samkvæmt reglum og stöðlum Minjastofnunar Íslands, en bent er á að samkvæmt lögum um menningarminjar skulu skipulagsyfirkönd tilkynna Minjastofnun um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Þekkt er að á svæðinu voru býlin *Laugabrekka* og *Múli*, sem nú teljast til fornleifa. Því er ljóst að gera þarf fornleifaskrá fyrir skipulagsreitinn.



Borgarsögusafn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við staðsetningu þjóðarhallarinnar, en telur mikilvægt að fram komi í skilmálum að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina muni hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, skuli tekið tillit til hönnunar og ásýndar hinnar eldri byggingar, sem er mikilvæg í íslenskri byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu, merkt samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphédins Jóhannssonar og helsta núverandi kennileiti á svæðinu. Í byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir borgarhluta 4, Laugardal, er lagt til að Laugardalshöll verði hverfisvernduð í skipulagi, sem bygging með hátt varðveislugildi.¹ Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypa hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs, en lögun þess er einkum sýnileg úr suðvestri, frá Suðurlandsbraut, þeim megin sem gert ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll. Safnið telur mikilvægt að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

Borgarsögusafn óskar eftir að fá til umsagnar teikningar að hinni nýju byggingu þegar kemur að hönnunarferli hennar og telur einnig að eðlilegt væri að óska eftir álitni Minjastofnunar Íslands um hönnun nýrrar byggingar, með tilliti til byggingarlistalegs og menningarsögulegs vægis Laugardalshallar.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Drífa Kristín Þrastardóttir
Verkefnastjóri / húsvernd

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri fornleifa

María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti :
Minjastofnun Íslands

¹ Skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 162: Anna Lísu Guðmundsdóttir o.fl., *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013. Bls. 33.

RE: Breyting á deiliskipulagi Laugardals vegna uppbyggingar nýrrar þjóðarhallar - umsagnarbeiðni

Góðan dag!

Ég hef rætt við framkvæmdastjóra ÍSÍ um málið en ÍSÍ er stærsti eignaraðili Íþróttamiðstöðvarinnar. Við gerum ekki athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi. Við viljum hinsvegar leggja á það áherslu að haft verði samráð við okkur og íþrótt- og sýningarhöllina varðandi aðgengi gangandi og akandi að og frá mannvirkinu, bílastæðamál og almennt um möguleg samlegðaráhrif varðandi nýtingu svæða kringum mannvirkin (stígar, torg o.fl.). Einnig að haft verði samráð um umferð á svæðinu á byggingartímanum.

Með kveðju,

Frímenn Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri ÍBR



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. júlí 2023
MÍ202307-0084/ 6.09 / 0645

Efni: Laugardalur – Þjóðarhöll – breyting á deiliskipulagi

Þann 6. júlí 2023 barst Minjastofnun afrit af umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur vegna breytingar á deiliskipulagi Laugardals-Þjóðarhöll. Deiliskipulagstillagan var ekki send Minjastofnun til umsagnar, en frestur til að skila inn umsögn var 9. júní sl. Gögn málsins voru sótt á vefsíðu Reykjavíkurborgar, *skipulag í kynningu* þann 19. júlí sl. Skipulaguppdrátturinn er unnin af Landslagi ehf. dagsettur 08.03.2023. Fyrirhugað er að stækka lóð og byggingarreit Laugardalshallar (lóð F) vegna áforma um að byggja þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Byggingin mun, stærðar sinnar vegna vera áberandi í umhverfi Laugardalsins og mun hún vera grafin að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að samgöngustíg norðan Suðurlandsbrautar.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið, en árið 2013 var gefin út *Byggðakönnun - Borgarhluti 4 - Laugardalur*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 162. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins. Í meðfylgjandi umsögn Borgarsögusafns um deiliskipulagsbreytinguna kemur fram að á svæðinu hafi staðið býlin Laugabrekka og Múli sem nú hafa náð 100 ára aldri og teljast því til fornleifa sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuminni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Ekki liggur fyrir húsaskráning fyrir skipulagssvæðið. Samkvæmt fasteignaskrá eru tvö hús innan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Það eru Engjavegur 6, skrifstofubygging byggð árið 1964 ásamt viðbyggingu sem byggð var árið 1991 og Engjavegur 8, Laugardalshöll sem byggð var árið 1964 ásamt viðbyggingu sem byggð var árið 2005. Hús þessi eru byggð eftir árið 1940 falla því ekki undir verndarákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar og því er ekki gerð krafa um húsaskráningu sbr. 16. gr. þeirra laga. Rétt er þó að benda á að Laugardalhöllin, sem byggð var á árunum 1958-1965 og var samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar, er eitt helsta núverandi kennileiti á svæðinu. Minjastofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Borgarsögusafns um að Laugardalshöllin sé mikilvæg í íslenskri byggingarlistarsögu, menningar- og íþróttasögu og að mikilvægt sé að fram komi í skilmálum deiliskipulagsins að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar skuli tekið tillit hönnunar á ásýndar Laugardalshallarinnar. Einnig tekur stofnunin undir tillögu Borgarsögusafns um að lagt sé til að vernda Laugardalshöllina með hverfisvernd í deiliskipulagi.

Rétt er að benda á að í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Í ljósi ofangreindra upplýsinga um Laugardalshöllina telur Minjastofnun æskilegt að unnin verði húsakönnun með varðveislumati áður en deiliskipulagið er afgreitt.

Minjastofnun Íslands gerir athugasemd við að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Laugardals - Þjóðarhallar hafi ekki borist stofnuninni til umsagnar sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar og reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Minjastofnun fer fram á að unnin verði fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið. Þegar fornleifaskráning liggur fyrir þarf uppfærð skipulagstillaga að berast stofnuninni til umsagnar.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Þórður Már Sigfússon

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Viðhengi:

Umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dagsett 6. júlí 2023 (BOS2023070001)



Reykjavík, 6. júlí 2023
BOS23070001
04.03

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, Umhverfis- og skipulagssviði

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Þjóðarhöll – Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Laugardals

Með tölvupósti dags. 22.6.2023 óskar Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri, fyrir hönd skipulagsfulltrúa, eftir umsögn Borgarsögusafns um breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna uppbyggingar nýrrar þjóðarhallar. Með erindinu fylgja skipulagsuppráttur og skýringaruppráttur, dags. 8.3.2023, sem lagðir hafa verið fram til auglýsingar, auk auglýsingar skipulagsfulltrúa, dags. 25.4.2023.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóð Laugardalshallar (lóð F) og byggingarreitur stækka og að innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Samkvæmt uppráttunum mun nýja bygging rísa á svæði sunnan Laugardalshallar, þar sem nú eru bílastæði og grænt svæði.

Í skipulagsskilmálum er tekið fram að: „Byggingin verður stærðar sinnar vegna áberandi í umhverfi Laugardalsins og allir möguleikar á að hún verði myndarlegt kennileiti í borgarlandslaginu. Áhersla skal því vera á byggingarlist af hæstu gæðum. ... Aðstæður í landi gera það að verkum að þjóðarhöllin mun grafast að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að samgöngustíg norðan Suðurlandsbrautar. ... Heimilt er að útfæra tengibygginu milli hallanna þriggja þannig að þak hennar nýtist sem útisvæði.“

Borgarsögusafn vekur athygli á að *ekki hefur verið gerð húsakönnun* með varðveislumati á þeim byggingum sem þegar standa á svæðinu, en samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar“ þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

Ekki hefur heldur verið unnin fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið, eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 segja til um og samkvæmt reglum og stöðlum Minjastofnunar Íslands, en bent er á að samkvæmt lögum um menningarminjar skulu skipulagsyfirkönd tilkynna Minjastofnun um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Þekkt er að á svæðinu voru býlin *Laugabrekka* og *Múli*, sem nú teljast til fornleifa. Því er ljóst að gera þarf fornleifaskrá fyrir skipulagsreitinn.



Borgarsögusafn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við staðsetningu þjóðarhallarinnar, en telur mikilvægt að fram komi í skilmálum að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina muni hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, skuli tekið tillit til hönnunar og ásýndar hinnar eldri byggingar, sem er mikilvæg í íslenskri byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu, merkt samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphédins Jóhannssonar og helsta núverandi kennileiti á svæðinu. Í byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir borgarhluta 4, Laugardal, er lagt til að Laugardalshöll verði hverfisvernduð í skipulagi, sem bygging með hátt varðveislugildi.¹ Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypa hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs, en lögun þess er einkum sýnileg úr suðvestri, frá Suðurlandsbraut, þeim megin sem gert ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll. Safnið telur mikilvægt að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

Borgarsögusafn óskar eftir að fá til umsagnar teikningar að hinni nýju byggingu þegar kemur að hönnunarferli hennar og telur einnig að eðlilegt væri að óska eftir álitni Minjastofnunar Íslands um hönnun nýrrar byggingar, með tilliti til byggingarlistalegs og menningarsögulegs vægis Laugardalshallar.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Drífa Kristín Þrastardóttir
Verkefnastjóri / húsvernd

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri fornleifa

María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti :
Minjastofnun Íslands

¹ Skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 162: Anna Lísu Guðmundsdóttir o.fl., *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013. Bls. 33.

Þjóðarhöll

Fornleifaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir




Reykjavík 2024

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 231

Þjóðarhöll

Fornleifaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2024

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 231

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: GRÓ 005 112 4-2. Ljósmyndari Gunnar Rúnar
Ólafsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 231

Reykjavík 2024

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1 Saga svæðisins.....	3
2 Almennt um verndun menningarminja.....	5
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	7
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	8
4.1 Fornleifaskrá fyrir lóð ÍSÍ Engjavegi 6 vegna byggingar Þjóðarhallar	9
Laugarnes 230-195 Múli	9
Laugarnes 230-196 Laugabrekka	10
Laugarnes 230-197 Laugabrekka	10
Laugarnes 230-206 Suðurlandsvegur	11
Laugarnes 230-207 Múlavegur.....	11
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	12
5 Heimildir	13
Viðauki	15

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja vegna breytingar á deiliskipulagi Laugardals á lóð ÍSÍ Engjavegi 6 vegna fyrirhugaðrar byggingu á Þjóðarhöll¹. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Suðurlandsbraut, Múlavegi og Engjavegi sjá mynd 1.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.²

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðhättum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Janúar 2024
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Laugardalur, deiliskipulagsbreyting á lóð ÍSÍ, Engjavegur 6. https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-05/laugardalur_-_thjodaraholl_deiliskipulagsuppdr.pdf

² Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja vegna breytingar á deiliskipulagi Laugardals vegna fyrirhugaðrar byggingar á Þjóðarhöll á lóð ÍSÍ, Engjavegi 6.

Reykjavík skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Svæðið sem hér um ræðir tilheyrði jörðinni Laugarnesi. Svæðið er hluti af Laugamýri sem var efri hluti mýrarinnar á milli Fúlutjarnarlækjar og Laugalækjar, en neðar var Kirkjumýri. Örnefnið Laugardalur kemur fyrst fram 1910 fyrir það svæði sem nú er rætt um en svæðið var áður beitoland, sjá mynd 2.³



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagsins, rauð brotalína, lóð ÍSÍ Engjavegur 6.⁴

Snemma munu menn hafa stíflað Laugalækinn og baðað sig þar í heitri laug. Þaðan er dregið nafn Laugarness og sambærilegra örnefna á þessu svæði. Lauganna er fyrst getið af Þorkeli Arngrímssyni Vídalín lækni og presti árið 1672 og taldi hann laugarvatnið hafa lækningarmátt.⁵ Upp úr 1750 eru þær orðnar vinsælar sem baðstaður útlendinga og starfsmanna Innrétttinganna. Slóði í laugarnar lá fyrst með ströndinni upp í Þvottalaugarnar en breyting varð á þegar Laugavegur var lagður frá Vegamótastíg að Þvottalaugum 1886.⁶ Í framhaldi var Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut lagður að Elliðaám en eftir það varð Suðurlandsbraut aðalleiðin út úr bænum á Vestur- og Suðurland (sjá mynd 2).

Laugardalurinn sjálfur byggðist fyrst upp á fyrri hluta 20. aldar þegar svæðinu var skipt upp í erfðafestulönd sem nefndust Þvottalaugablettir, og voru Þvottalaugablettir II, III og V á umræddu skipulagssvæði, sjá mynd 3. Múlavegur var milli Suðurlandsbrautar og Langholtsvegar, þvert yfir Þvottalaugamýrar, hann fékk nafn sitt 1928 og er kenndur við

³ Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, bls. 195–196.

⁴ *Borgarvefsjá Reykjavíkur*. Afmörkun ALG.

⁵

⁶ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur II*, bls. 11.

nýbýlið Múla við Suðurlandsbraut.⁷ Engjavegur var áður gata, milli Múlavegar og Holtavegar um Þvottalaugamýri. Nú er það gata frá Reykjavegi að Múlavegi og fékk núverandi mynd um 1990.



Mynd 2. Afmörkun deiliskipulagsins sett inn á kort frá 1908, en þá var svæðið enn óbyggt að mestu og mýrar og holt settu svip sinn á það. Merktir hafa verið inn Laugarnesvegur, Þvottalaugavegur, Reykjavegur, Suðurlandsvegur og Þvottalaugamýri.⁸



Mynd 3. Erfðafestubýli/blettir á og við deiliskipulagssvæðið, sem er afmarkað með rauðri brotolínu, á korti frá 1955.⁹

⁷ Guðjón Friðriksson, Alfræði Reykjavíkur, vefur.

⁸ Landmælingar Íslands. Landmælingadeildar herforingjaráðsins, „Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar,“ 1908. Merking örnefna og vegaheita: ALG, Borgarsögusafni.

⁹ Borgarsögusafn. Korta- og uppdráttasafn. Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955.



Mynd 4. Loftmynd af skráningarsvæðinu 2023.¹⁰

Mannvirki eru nú þegar á stærstum hluta deiliskipulagssvæðisins og engin merki um minjar á yfirborði. Fornleifar geta þó leynst í jörðu eins og við Múla og Laugabrekku sem geta komið í ljós við jarðrask. Engin fornleifarannsókn hefur farið fram á svæðinu. *Leita skal til Minjastofnunar Íslands ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á umræddum reit vegna áætlaðra minja í jörðu, sjá fornleifaskrá.*

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra umhverfis-, orku, og loftslags með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir fongum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹¹

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

¹⁰ Borgarvefsjá. Loftmynd frá 2022.

¹¹ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagar þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því

að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2024) eru um 4200 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3182**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og mat lagt á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Aldursflokkun minja

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1925-1935	● Gulur
3	Minjar frá 1936 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja vegna breytingar á deiliskipulagi Laugardals á lóð ÍSÍ Engjavegi 6 vegna byggingu Þjóðarhallar,¹² sjá afmörkun á mynd 1.

Fyrir liggur skráning minja á þessu svæði í skýrslu frá 2013: *Byggðakönnun Borgarhluti 4 – Laugardalur*.¹³ En í þeirri skýrslu töldust þessar minjar ekki til fornleifa en eru það nú vegna aldurs. Skráningin tekur mið af núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.¹⁴ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3182**.

Vettvangsrannsókn fór fram 10. sept. 2023. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Upplýsingum úr þessari fornleifaskrá hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt skráningarstöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.¹⁵


¹² Laugardalur, deiliskipulagsbreyting á lóð ÍSÍ, Engjavegur 6. https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-05/laugardalur_-_thjodarholl_deiliskipulagsuppd.pdf

¹³ Helga Maureen Gylfadóttir og fl., *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*, 2013.

¹⁴ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 – 29 júní 2012. Tóku gildi 1.janúar 2013 – *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

¹⁵ Oddgeir Isaksen, *Skil á fornleifaskráningargögnum – Landupplýsingar gögn: punktaskrár, línu- og flákagögn*, 2016.

4.1 Fornleifaskrá fyrir lóð ÍSÍ Engjavegi 6 vegna byggingar Þjóðarhallar



Mynd 5. Fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagsreitnum lóð ÍSÍ Engjavegur 6.¹⁶

Laugarnes 230-195 Múli

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
230-195	Múli, Þvottalaugablettur 3	Erfðafestubýli	Heimild	1919- 1977	359921	407181	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Erfðafestubýlið Múli stóð á horni Suðurlandsbrautar og Múlavegar, byggt 1919, var áður Þvottalaugablettur 3 við Suðurlandsveg. Húsið var rífið 1977. Árið 1914 sótti Guðmundur K. Jónsson um 3 hektara lands til ræktunar austan við Þvottalaugaveg. Húsið var svo byggt árið 1919,¹⁷ fyrst einlyft og svo hækkað. Seinna eða árið 1929 var byggt 10 bása fjós og hlöður norðan við íbúðarhúsið og tengibygging þar á milli.¹⁸

Lýsing: Horfið, en minjar eru í jörðu.

¹⁶ Borgarsögusafn. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG, Borgarsögusafni.

¹⁷ Borgarsögusafn. Húsaskrá Reykjavíkur.

¹⁸ Skjalasafn Reykjavíkur. Múli.



Mynd 6. Múli, íbúðarhúsið tengibygging og gaflinn á fjósinu, horft í norðvestur.



Mynd 7. Múli, hlaðan, fjósið og íbúðarhúsið, horft í norðaustur.

Laugarnes 230-196 Laugabrekka


Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
230-196	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Erfðafestubýli	Heimild	1916-1975	359753	407321	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Laugabrekka var austan við Reykjaveg norðan við Suðurlandsbraut, áður erfðafestuland á Þvottalaugabletti 2 við Suðurlandsveg. Húsið var reist árið 1916 af Grímúlfi H. Ólafssyni. Húsið var kjallari, hæð og ris en árið 1929 var byggt anddyri sunnan við húsið. Búskapur var þar til ársins 1965 en húsið var rífið 1975.¹⁹

Lýsing: Horfið, en minjar eru í jörðu.



Mynd 8. Laugabrekka, horft í norðvestur.²⁰



Mynd 9. Uppdráttur af Laugabrekku, þegar anddyri var byggt við húsið að sunnan 1929.²¹

Laugarnes 230-197 Laugabrekka

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
203-197	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Fjós	Heimild	1942-1977	359769	407376	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Fjós Laugabrekku var austan við Reykjaveg, norðan við Suðurlandsbraut, um 60 m norðan við íbúðarhúsið áður á Þvottalaugabletti 2 við Suðurlandsveg. Teikningar af fjósinu voru samþykktar árið 1942. Hlaðan var þá í miðju húsi með mænispaki, en áfast beggja vegna voru byggingar með skúrþaki, öðru megin 12 bása fjós og hinum megin verkfærageymsla. Byggt var við


¹⁹ Borgarsögusafn. Húsaskrá; Guðjón Friðriksson, *Alfræði Reykjavíkur*, vefur.

²⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. SPÓ ÁBS 1486. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1973.

²¹ Skjalasafn Reykjavíkur. Laugabrekka.

Þetta hús árið 1942 og var þá fjósið stækkað um 11 bása til suðurs og stór heyhlaða byggð við til vesturs. Búskapur var þar til ársins 1965, en húsið var rífið 1975.²²

Lýsing: Horfið, en minjar eru í jörðu.



Mynd 10. Teikning af nýja fjósinu við Laugabrekku, þar sem byggt var við gamla fjósið 1948.²³

Laugarnes 230-206 Suðurlandsvegur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
230-206	Suðurlandsvegur/ Suðurlandsbraut	Vegur	Heimild	1890	359805	407242	Ómetið	Já

Staðhættir: Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut lá frá Þvottalaugavegi að brúnum yfir Elliðaár. Hann var gerður í framhaldi af Þvottalaugavegi og er merktur inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1909.²⁴

Lýsing: Vegurinn er horfinn undir núverandi Suðurlandsbraut.

Laugarnes 230-207 Múlavegur

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
230-207	Múlavegur	Vegur	Vegur	1928	359960	407192	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Múlavegur var milli Suðurlandsbrautar og Langholtsvegar, þvert yfir Þvottalaugamýri og upp á Langholt. Hann fékk nafn sitt 1928 og er kenndur við nýbýlið Múla við Suðurlandsbraut.²⁵ Vegurinn frá Suðurlandsbraut að Engjavegi er nú göngustígur en spotti við

²² Skjalasafn Reykjavíkur. Laugabrekka; Borgarsögusafn. Húsaskrá; Guðjón Friðriksson, *Alfræði Reykjavíkur*, vefur.

²³ Skjalasafn Reykjavíkur. Laugabrekka.

²⁴ Landmælingar Íslands. Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

²⁵ Guðjón Friðriksson, *Alfræði Reykjavíkur*, vefur.



bílastæðið að inngangi að Grasagarðinum er enn nefndur Múlavegur. Enn má greina Múlaveg sem hluti af stígakerfi garðsins.

Lýsing: Horfinn að hluta.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Á framkvæmdasvæðinu eru þrjár minjastaðir skráðir undir jörðina Laugarnes. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá heimildum. Minjarnar tilheyra fyrstu byggð erfðafestubýla á svæðinu; Þvottalaugablettum í Laugamýri, býlunum Múla (230-195) og Laugabrekku (230-196–197). Ekkert af framantöldum minjum er sjáanlegt á yfirborði, en geta leynst í jörðu sem fornleifar. Lagt er til að settar verði upp menningarmerkingar á svæðinu og saga svæðis kynnt.

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Fjöldi skráðra minja
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	2
2	Minjar frá 1924-1934	● Gulur	1
3	Minjar frá 1935 og yngri	● Grænn	0
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	0

Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

5 Heimildir

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Alfræði Reykjavíkur: Guðjón Friðriksson, <https://archive.ph/Xzmet>

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.
Kortasafn.
 Ýmis kort og uppdrættir.
Skjalasafn um fornleifar.
Rafræn gögn.
 Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
 Ljósmyndir úr safneign.

Landmælingar Íslands:

Reykjavík, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1909.

Skjalasafn Reykjavíkurborgar: <https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

Borgarvefsjá Reykjavíkur: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Einar. S. Arnalds, *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund. 4. bindi.* Reykjavík 1989.

Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur II*, Reykjavík 1929.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.* Minjastofnun Íslands 2016.

Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, Íslenska bókaútgáfan ehf 1998.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Alþingi: <http://www.althingi.is/>.

Borgarvefsjá: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Borgarsögusafn Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/>
Útgáfa. Skýrslur.

Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

Minjastofnun Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>
Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.
Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktskrár, línu- og flákagögn. 2013.

Reykjavíkurborg: <http://reykjavik.is/>
Breyting á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Tímabundin skiptistöð Strætó.
<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/2%20Sk%C3%BAIag%C3%B6tusv%C3%A6%C3%B0i.pdf>

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Skipulagsstofnun: <https://www.skipulag.is/>
Skipulagsuppdráttur: Skúlagötusvæði, tillaga að deiliskipulagi, samþykkt 13. maí 1986.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>
Skipulagsuppdrættir. Aðaluppdrættir.


Þjóðskjalasafn, manntöl: <https://www.manntal.is/>
Bær: Skuggi/Jenshús, Klöpp.

Viðauki

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
230-195	Múli, Þvottalaugablettur 3	Erfðafestubýli	Heimild	1919- 1977	359921	407181	Ómetið	Að hluta
230-196	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Erfðafestubýli	Heimild	1916- 1975	359753	407321	Ómetið	Að hluta
203-197	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2, fjós	Fjós	Heimild	1942- 1977	359769	407376	Ómetið	Að mestu
230-206	Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut	Vegur	Heimild	1890	359805	407242	Ómetið	Já
230-207	Múlavegur	Vegur	Vegur	1928	359960	407192	Sæmilegt	Að hluta

Minjakort



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 215 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.
- 216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.
- 217 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 218 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Arnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarni Geirsson, Torbjörn Brorsson: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.
- 220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 223 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 224 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.
- 226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.
- 227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfnesi*. Rvk. 2023.
- 229 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Klökk – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 230 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgalínu – Lotu 1. Ártúnshöfði - Fossvogur*. Rvk. 2023.

Laugardalur – Þjóðarhöll

Húsakönnun

Steinunn Guðmundsdóttir



Reykjavík 2024

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 232

Laugardalur – Þjóðarhöll

Húsakönnun

Steinunn Guðmundsdóttir



Reykjavík 2024

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 232

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Steinunn Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Laugardalur, hluti úr loftmynd, Þorvaldur Örn Kristmundsson, 1. september 1992.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 232

Reykjavík 2024

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. 1..... Saga svæðisins	5
1.1 Staðsetning, staðhættir og afmörkun svæðisins	5
1.2 Fyrsta byggð á svæðinu.....	6
1.3 Uppbygging á svæðinu 1950-1995	9
1.4 Uppbygging á svæðinu 1995-2005	17
3. 2. Skráning menningarminja – Húsakönnun	19
2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	19
2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur	22
2.3 Húsakönnun	23
2.3.1 Deiliskipulagssvæðið – Laugardalur- Þjóðarhöll.....	23
2.3.2 Núverandi byggð á svæðinu – Helstu einkenni og yfirbragð.....	23
2.3.3 Húsaskrá: Laugardalur – Þjóðarhöll.....	25
2.3.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	31
2.3.4.1 Verndarflokkar	31
2.3.4.2 Verndarstaða húsa og mannvirkja á svæðinu gagnvart lögum um menningarminjar	33
2.3.4.3 Niðurstöður um varðveislugildi og tillögur um hverfisvernd húsa og heilda .	33
4. Heimildaskrá	36

Formáli

Hér fer á eftir húsakönnun fyrir deiliskipulagssvæði sem tekur til lóðar Laugardalshallar og aðliggjandi lóðar við Engjaveg í suðvesturhluta Laugardals. Könnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna breytingar á deiliskipulagi svæðisins vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar nýrrar þjóðarhallar við Laugardalshöll („Laugardalur – Þjóðarhöll“).

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert húsakannanir¹ í samræmi við ákvæði 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:²

Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.³

Í skipulagsreglugerð er húsakönnun skilgreind sem „[u]ppplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi“.⁴ Húsakönnun er skilgreind á sambærilegan hátt í leiðbeiningum Minjastofnunar sem: „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“⁵

Tilgangur húsakannana og skráningar menningarminja er að „ tryggja verndun og varðveislu menningararfsins. Með gerð húsakannana fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans“ og stuðlar að því að ákvarðanir sem varða verndun og/eða breytingar á byggð eða einstökum húsum byggi á faglegum grunni og séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.⁶

Febrúar 2024
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Sjá vef Borgarsögusafns Reykjavíkur: <https://borgarsogusafn.is/utgafa/skyrslur>.

² Skipulagslög nr. 123/2010. Sjá lagasafn á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagasafn/>.

³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Sjá lagasafn á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagasafn/>.

⁴ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 1.3. gr. Sjá reglugerðasafn á vefnum Ísland.is: <https://island.is/reglugerdir>.

⁵ Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir: *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 4.

⁶ Vefur Minjastofnunar Íslands: <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/skraning-vegna-skipulags-husakonnun-huginn/>.

1. Saga svæðisins

1.1 Staðsetning, staðhættir og afmörkun svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um um deiliskipulagssvæði sem tekur til lóðar Laugardalshallar, Engjavegar 8, og aðliggjandi lóðar, Engjavegar 6 í suðvesturhluta Laugardals. Svæðið afmarkast af Engjavegi að norðan og austan, Suðurlandsvegi og gamla Múlavegi að sunnan og lóðamörkum Engjavegar 6 að vestan (sjá mynd 1). Á austanverðu svæðinu er Laugardalshöllin sem er fjölnota íþrótt- og viðburðahús. Þar fer skipulögð íþróttastarfsemi fram á vegum Reykjavíkurborgar ásamt stærri íþróttaviðburðum. Laugardalshöll er þekkt fyrir að vera þjóðarleikvangur Íslendinga þar sem flestir landsleikir og stærri keppnir sem haldnar eru innanhús fara fram. Í Laugardalshöll er einnig fjölbreytt viðburðahald til að mynda tónleikahald, ráðstefnur, sýningar og stærri veislur.

Vestan við Laugardalshöll, á Engjavegi 6, er Íþróttamiðstöðin í Laugardal staðsett. Þar eru í dag fjögur mannvirki sem hýsa flestöll sérsambönd Íþróttasambands Íslands.

Skipulagssvæðið er skilgreint sem svæði fyrir samfélagsþjónustu (S12 Laugardalshöll) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins. Tekið er fram að þéttleiki nýrrar byggðar á svæðinu skuli almennt taka mið af yfirbragði núverandi byggðar og nýtingarhlutfalli á aðliggjandi lóðum, sbr. ákvarðanir þar um í hverfis- og deiliskipulagi.⁷



Mynd 1. Afmörkun svæðisins með svartri brotalínu.⁸

⁷ Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, greinargerð (grænt hefti), 92. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/aðalskipulag>.

⁸ Grunnur úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsja: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja>. Merking svæðis: Steinunn Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur

1.2 Fyrsta byggð á svæðinu

Fyrsta eiginlega byggð í Laugardalnum hóf að rísa um aldamótin 1900. Saltfiskverkun var á Kirkjusandi og risu nokkur mannvirki í tengslum við hana. Ennfremur hófu bæjaryfirvöld úthlutun á erfðafestulandi á 19. öld og í kjölfarið voru nokkur erfðafestubýli reist á svæðinu. Markmiðið með útdeilingu erfðafestulanda var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar og búrekstrar. Blettirnir voru afhentir til eignar gegn árlegri leigu en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu og hafði bærinn forkaupsrétt.⁹

Framan af 20. öld var reglum um erfðafestulöndin breytt á ýmsa vegu, m.a. tryggði bæjarstjórn eign sína á bæjarlandinu með nýjum skilmálum árið 1909. Lög um rétt kaupstaða og kauptúna gagnvart þeim sem áttu stórar óbyggðar lóðir tryggðu ennfremur rétt bæjarins og rannsókn sem gerð var árið 1928 sýndi fram á að bærinn væri hinn eiginlegi eigandi eldri landa og erfðafestuhafar hefðu einungis ræktunarrétt. Eftir að þessi niðurstaða fékkst átti að vera ljóst hver ætti erfðafestulöndin.¹⁰

Í kringum 1920 risu nokkur smábýli á erfðafestublettum sunnan þvottalauganna og austur með Suðurlandsbraut (sem þá kallaðist Laugavegur eða Suðurlandsvegur) á svæði sem nefnt var Þvottalaugablettir. Þegar kom fram á fjórða áratuginn hafði mýrinni verið skipt niður í 34 erfðafestulönd. Nokkuð var um að menn reistu sér sumarbústaði, en flestir höfðu búsetu á þessum skikum allt árið, höfðu fáeinar skepnur, en sóttu vinnu niður í bæ. Þessi búskapur setti svip á bæinn alveg fram á sjöunda áratuginn og þó fáir hefðu viðurværi sitt af landbúnaði eftir síðari heimsstyrjöldina hafði búskapur þeirra áhrif á þróun bæjarins og dreifingu byggðarinnar.¹¹

Árið 1943 kaus bæjarstjórn fimm manna nefnd til þess að skipuleggja skemmti- og íþróttasvæði í Laugardal. Nefndin skilaði af sér álit um afmörkun 95 hektara svæðis og taldi brýnt að það svæði yrði sem fyrst skilgreint sem íþrótt- og skemmtisvæði Reykjavíkur. Undirlendið væri slétt og þar væri mjög skjólríkt auk þess sem þar væri jarðhiti til staðar.¹²

Árið 1963 samþykkti borgarráð að samningum um erfðafestulönd yrði sagt upp á svæðinu og búpeningshaldi hætt hið fyrsta. Erfðafestuhöfum voru þó enn heimiluð afnot landanna fyrst um sinn, innan vissra takmarkana, en þeir gátu alltaf átt von á því að þurfa að láta jarðarparta af hendi hvenær sem borgin þyrfti á að halda. Á Laugardalssvæðinu voru þá þrjú allstór býli, Laugabrekka þar sem rekið var stórt kúabú, Múli þar sem var talsvert sauðfjárhald og Laugaból þar sem voru bæði kýr og kindur. Gert var ráð fyrir að íbúðarhús og þau gripahús sem byggð höfðu verið með leyfi borgaryfirvalda mættu standa fyrst um sinn, en skúrbyggingar og annar óþrifnaður yrði hreinsað burt fljótlega.¹³

Býlin Laugabrekka og Múli voru staðsett á þeim skipulagsreit sem nú er til umfjöllunar (sjá myndir 2, 3, 4 og 5 og töflu 1).

⁹ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Byggðakönnun: Borgarhluti 4 – Laugardalur* (skýrsla 162, 2013), 13.

¹⁰ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur: Borgin: 1940-1990*. Fyrri hluti, 40.

¹¹ Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund: býlið, byggðin og borgin*, 278; Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur: Borgin: 1940-1990*. Fyrri hluti, 39-40.

¹² „Skemmtigarður og íþróttasvæði Reykjavíkur“, *Þjóðviljinn*, 7.ágúst 1943.

¹³ Búskap hætt í Laugardal, *Tíminn*, 14.sept. 1963.



Mynd 2. Loftmynd af Reykjavík 1946. Herskálahverfið Camp Caledonia fyrir miðju við Suðurlandsbraut, Neðst eru býli í Laugardal, til vinstri er Múli og til hægri Laugabrekka við Suðurlandsbraut.¹⁴



Mynd 3. Býlið Múli 1973.¹⁵



Mynd 4. Býlið Laugabrekka 1973.¹⁶

¹⁴ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*: ÁBS LS 33-13. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

¹⁵ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*: SPÓ ÁBS 1143. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.

¹⁶ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*: SPÓ ÁBS 1486. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.



Tafla 1. Erfðafestublettir á og við skipulagsreit

Heiti og númer lands	Upphafleg notkun	Byggingar ár	Núverandi staða
Þvottalaugablettur 2	Laugabrekka. Íbúðarhús. Byggt úr grásteini og múrhúðað. Járnlæðning á þaki. Útihús, fjós og hlaða, byggt 1920 úr grásteini. ¹⁷	1916 ¹⁸	Horfið. Rifið 1975.
Þvottalaugablettur 3	Múli. Íbúðarhús. Byggt úr grásteini. Norðar á sömu lóð var útihús, hlaða og fjós, byggt úr grásteini. ¹⁹	1919	Horfið. Rifið 1977.
Þvottalaugablettur 4	Dalur. Íbúðarhús. Byggt af binding, hlið með torfi utan á en gaflar klæddir í“ borðum, pappa og járn, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. ²⁰	1919	Horfið. Rifið eftir 1963. ²¹



Mynd 5. Deiliskipulagssvæði merkt með rauðri stríkalínu á samsettu korti sem sýnir staðsetningu erfðafestublettanna á og við deiliskipulagssvæðið.²²

¹⁷ Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Aðf. 739. Bók 1917-1920, brunavirðing 30. október 1920 (br.nr. 1370).

¹⁸ Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Aðf. 738. Bók 1915-1917, brunavirðing 18. desember 1916 (br.nr. 1370).

¹⁹ Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Aðf. 739. Bók 1917-1920, brunavirðing 16. júlí 1919 (br.nr. 1434). 4

²⁰ Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Aðf. 739. Bók 1917-1920, brunavirðing 19. ágúst 1919 (br.nr. 1440).

²¹ 4 býli verða að hverfa, Alþýðublaðið 15.sept. 1963.


²² Borgarsögusafn: Korta- og uppdráttasafn. Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

1.3 Uppbygging á svæðinu 1950-1995

Fyrstu hugmyndir um að koma upp útivistar- og íþróttasvæði handa Reykvíkum í Laugardalnum komu frá Sigurði Guðmundssyni málara um 1870. Þá var ekki farið að kalla svæðið Laugardal, en það nafn festist ekki í sessi fyrr en eftir 1920 þegar Eiríkur Hjartarson rafvirkjameistari fékk land í dalnum og reisti þar hús og garðyrkjustöð undir nafninu Laugardalur.

Árið 1943 samþykkti bæjarstjórn að hafist yrði handa við gerð útivistar- og íþróttasvæðis í Laugardal. Framræsla landsins sem var mjög votlent, hófst 1946 og gerð íþróttaleikvangs árið 1950. Fyrsti áfangi, knattspyrnuvöllurinn, var tekinn í notkun 1957, vígður 1959. Eftir það hófst gerð nýrrar sundlaugar, en Laugardalslaugin var vígð 1968. Jafnframt þessu var hafist handa við gerð heildarskipulags að dalnum með það fyrir augum að hann yrði útivistar-, tómstunda- og íþróttasvæði borgarinnar.

Árið 1972 voru fyrstu drög að skipulagi Laugardalsins samþykkt og endanlegt deiliskipulag árið 1986. Árið 1991 var svo endurskoðuð skipulagstillaga samþykkt (sjá mynd 6).²³



Mynd 6. Endurskoðuð deiliskipulag gert af Teiknistofu Reynis Vilhjálmssonar, samþykkt 7. maí 1991.²⁴

²³ Finnur Kristinsson, *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*, 178. Umhverfis- og skipulagssvið 1995.

²⁴ Finnur Kristinsson, *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*, 183. Umhverfis- og skipulagssvið 1995.

Gísli Halldórsson var ráðinn af Íþróttanefnd ríkisins árið 1944 til þess að gera heildartillögu að skipulagi á öllu svæðinu, en hann rak þá teiknistofu sína með Sigvalda Thordarsyni. Þeir opnuðu stofu saman árið 1940 sem þeir ráku saman til ársins 1948, en þá tók Sigvaldi við yfirstjórn á teiknistofu SÍS. Þeir lögðu til að að mannvirki fyrir íþróttir yrðu reist fyrst og yrðu vestast í dalnum, en menningarhúsum og söfnum yrði dreift um dalinn meðfram götunum sem umlykja svæðið.²⁵

Teikningar af íþróttaleikvanginum afhenti Gísli Laugardalsnefndinni árið 1946. Framræslu svæðisins lauk um 1950 og hófust þá framkvæmdir við Laugardalsvöll, en sökum mikils fjárskorts gengu þær framkvæmdir afar hægt. Framkvæmdum við leikvanginn lauk um mitt sumar 1957 fyrir 10 ára afmæli KSÍ.²⁶

Eitt af þeim íþróttamannvirkjum sem áttu að rísa í Laugardal var stór íþróttahöll sem skyldi þjóna bæði sem íþróttahús og sýningarsalur. Laugardalshöllin var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Sýningarsamtaka atvinnurekenda, Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og Bandalags æskulýðsfélaga í Reykjavík (BÆR). Gísli hafði unnið við tillögugerð að íþróttahúsinu í samvinnu við fræðslustjóra og íþróttafulltrúa borgarinnar og Skarphéðinn Jóhannsson var arkitekt sýningarsamtakanna. Það var því ákveðið að Gísli og Skarphéðinn myndu hanna höllina í sameiningu.




Mynd 7. Framkvæmdir við grunn hússins hafnar og fulltrúar frá bæjaryfirvöldum skoða aðstæður. Mynd tekin í mars-apríl 1960.²⁷

²⁵ Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir, Gísli Halldórsson arkitekt, 94. – Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 198-200.

²⁶ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 202-204.

²⁷ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*: VIG 2450-2. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.






Mynd 8. Engjavegur 8, afstöðumynd frá 1961.²⁸

Vegna stærðarinnar á þaki hússins sem þurfti að vera án súlna var nauðsynlegt að hafa burðarþolsverkfræðinga með í ráðum frá upphafi og voru verkfræðingarnir Bragi Þorsteinsson og Eyvindur Valdimarsson ráðnir til að sjá um reikninga á öllu burðarþoli í húsinu. Eftir nokkra tillögugerð var ákveðið að steypa þak hússins og forma það sem hálfkúlu. Meginhluti þaksins var 10 sm þykkur, en þykktin var aukin jafnt og þétt í 30 sm á öllum svæðum næst úthornum hússins. Þakið var á sínum tíma stærsta steinsteypa kúlupak á Norðurlöndum (sjá myndir 9,10, 11 og 12).

Byggingafrankvæmdir gengu hægt á þessum tíma. Það var því ekki fyrr en í desember 1965 að húsið var vígt með landsleik Íslands og Sovétríkjanna.³⁰

²⁸ *Skjalaver Höfðatorgi*. Aðaluppdrættir. Engjavegur 8. BN 102/61, sp. 27. apríl 1961.

³⁰ Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir : Gísli Halldórsson arkitekt, 68. – Jón M. Ívarsson: Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 208-211.



Myndir 9, 10 og 11. Grunnmynd 1. hæðar, útlit norður- og útlit vesturhlíðar.³¹

³¹ Skjalaver Höfðatorgi. Aðaluppdrættir. Engjavegur 8. Teikning undirrituð af Gísla Halldórssyni og Skarphéðni Jóhannssyni, BN 102/61, sp. 27. apríl 1961.



Mynd 12. Laugardalshöll í byggingu. Mynd tekin í september 1963.³²



Mynd 13. Laugardalshöll, mynd tekin 1970-1980³³

³² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH-037 017 2. Ljósmyndari: Pétur Thomsen.

³³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓKM 072 031 2. Ljósmyndari: Ólafur K. Magnússon.

Gísli Halldórsson varð formaður byggingarnefndar Íþróttasambands Íslands (ÍSí) sem hélt sinn fyrsta fund 17. júní 1961. Þá gerðu ÍSí og ÍBR samstarfssamning um að byggja íþróttamiðstöðina sem staðsett er austanvert á skipulagsreitnum sem hér er til umfjöllunar (Engjavegur 6). Fyrsti áfanginn var fullgerður 1964 og var 250 fermetrar að grunnfleti.

Þetta var upphafið að því að leysa húsnæðisvanda sérsambandanna, sem nú komu undir verndarvæng ÍSí þar sem þau fengu sínar skrifstofur. ÍSí krafðist fljótlega meira húsnæðis og 1970 var KSÍ, sem var stærsta sambandið, farið að huga að eigin byggingu. Samkomulag varð þá um að ÍSí, ÍBR og KSÍ myndu sameinast um að byggja aðra byggingu jafnstóra þeirri fyrstu og staðsetta vestan við hana (sjá mynd 13). ÍSí skyldi eiga fyrstu hæðina, ÍBR aðra og KSÍ þá þriðju. Framkvæmdir á 2. áfanga hófust árið 1972 og þeim lauk árið 1974.³⁴


Fljótlega varð húsnæðið of lítið og huga þurfti að frekari framkvæmdum. Skipuð var ný byggingarnefnd undir forystu Gísla og ákveðið að byggja nýtt hús (3. áfanga) vestan við þegar gerðar byggingar (sjá myndir 14 og 15). Húsið var á þremur hæðum með kjallara að hluta. Á fyrstu hæð voru gistisherbergi, á annarri hæð voru fundarsalir og kennslurými og skrifstofur ÍSí og Ólympíunefndar voru staðsettar á þriðju hæð. Húsið var tekið í notkun 21. júní 1986 við hátíðlega athöfn.

Gistisherbergin á fyrstu hæðinni voru hugsuð sem aðstaða fyrir íþróttamenn utan af landi sem kæmu á námskeið á vegum sambandsins. Með stórauðnu námskeiðshaldi á vegum ÍSí átti að bæta úr hinum mikla skorti sem var á íþróttakennurum. Lögð var áhersla á að námskeið í öllum greinum íþróttar yrðu haldin yfir vetrartímann. Með bættri aðstöðu Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni og útskrift nemenda þaðan árlega, var ekki lengur talin þörf á gistirýmum og húsrýminu var fljótlega breytt í fundar- og skrifstofuaðstöðu fyrir sérsamböndin.

Um 1990 var farið að huga að fjórða og síðasta áfanga Íþróttamiðstöðvarinnar (sjá mynd 16 og 17). Húsið var stærsta hús Íþróttamiðstöðvarinnar, enda hýsti það stórfyrirtækið Íslenska getspá (Lottó) þegar það var tilbúið árið 1992 jafnframt því sem ÍSí fékk til notkunar tvær rúmgóðar hæðir sem voru innréttaðar fyrir skrifstofur sérsambandanna.³⁵

³⁴ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 280-281.

³⁵ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 281-283.




Mynd 14. Íþróttamiðstöð Engjavegi 6. Byggingarleyfisteikning fyrir 2. áfanga.³⁶



Mynd 15. Þriðji áfangi Íþróttamiðstöðvarinnar í smíðum. Mynd tekin í júlí 1983.³⁷

³⁶ Skjalaver Höfðatorgi. Aðaluppdrættir. Engjavegur 6. Teikning undirrituð af Leifi Gíslasyni, BN 224/72, sp. 8. júní 1972.

³⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Reykjavík byggingar Laugardalshöll 1. Ljósmyndari: Gunnar V. Andrésson.



Mynd 16 . Íþróttamiðstöð Engjavegi 6. Útlit norður.³⁸



Mynd 17. Horft til norðvesturs yfir fjórða áfanga Íþróttamiðstöðvarinnar.³⁹

³⁸ Skjalaver Höfðatorgi. Aðaluppdrættir. Engjavegur 6. Teikning undirrituð af Gísla Halldórssyni, BN 538/82, sþ. 26. ágúst 1982.


³⁹ Borgarsögusafn. Steinunn Guðmundsdóttir.

1.4 Uppbygging á svæðinu 1995-2005

Fyrsta viðbygging við upprunalegu Laugardalshöllina var byggð í tilefni af heimsmeistaramóti (HM) í handbolta árið 1995 en þá þurfti að stækka húsið þannig að það myndi rúma 5.100 áhorfendur vegna mótsins. Stækkunin var leyst með því að teknar voru fimm súlur úr austurgafli og gerð viðbygging þar fyrir aukinn áhorfendafjölda. Viðbyggingin var hönnuð af Gísla Halldórssyni (Teiknistofunni h.f. Ármúla 6).⁴⁰

Uppbyggingu í Laugardalnum var þó ekki lokið þar með og borgarstjórn ákvað að ganga til viðræðna við Samtök iðnaðarins um fyrirhugaða byggingu sýningarstöðu við hlið Laugardalshallar og var fyrsta skóflustungan að henni tekin árið 2003. Þá komu upp hugmyndir um að flétta sýningarhöllina saman við bætta aðstöðu fyrir frjálsíþróttafólk og því ákveðið að ráðast í byggingu fjölnota sýningar- og frjálsíþróttahallar. Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins stofnuðu sérstakt hlutafélag um verkefnið og var ákveðið að byggja mannvirkið í einkaframkvæmd og að félagið myndi sjá um rekstur þess og markaðssetningu.⁴¹

Framkvæmdir við nýju frjálsíþróttahöllina sem samtengd er gömlu Laugardalshöllinni hófust í janúar 2004 og var áætlað að það tæki rúmt eitt og hálf ár að byggja þetta nýja mannvirki sem rúma átti um 1600 áhorfendur. Heildarstærð Laugardalshallarinnar var þá komin í 16.000 fermetra.⁴²



Mynd 18. Teikningar að íþrótt- og sýningarhöll austan Laugardalshallar, Útlit norður, austur og suður.⁴³

⁴⁰ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 281-283.

⁴¹ Frjálsíþróttahöll og keppnislaug, Fréttatíminn, 29. júlí 2003.

⁴² Búast má við stórbættum árangri, DV, 4. apríl 2005.

⁴³ *Skjalaver Höfðatorgi*. Aðaluppdrættir. Engjavegur 8. Teikning undirrituð af Bjarna Snæbjörnssyni, BN 27993/03, sp. 21. október 2003.

Nýja húsið tengist eldri Laugardalshöll um hliðarbygginguna sem gerð var sérstaklega fyrir HM í handbolta árið 1995. Aðkomusalurinn er í beinu framhaldi af forsal Laugardalshallar og mynda húsin þannig eina heild (sjá myndir 18, 19 og 20). Aðalhönnuður nýju byggingarinnar er Bjarni Snæbjörnsson en hann var meðeigandi Teiknistofunnar T.ark (áður Teiknistofan h.f. Ármúla 6) frá 1995. Verkfræðistofan VST sá um alla verkfræðihönnun.



Mynd 19. Íþróttá- og sýningarhöll, framhlið.



Mynd 20. Íþróttá- og sýningarhöll, austurhorn.⁴⁴

⁴⁴ Myndir 19 og 20: Borgarsögusafn, Steinunn Guðmundsdóttir

2. Skráning menningarminja – Húsakönnun

2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Þegar unnið er að skipulagsgerð á vegum sveitarfélags gilda ákveðin lagaákvæði, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar um skráningu, umfjöllun og ákvarðanatöku um fornleifar og byggingararf, sem hér er greint frá.

Um skráningu *húsa og mannvirkja* vegna deiliskipulags gilda annars vegar **lög um menningarminjar nr. 80/2012** ásamt **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019** og hins vegar ákvæði **skipulagslaga nr. 123/2010** um gerð húsakannana.⁴⁵

Samkvæmt **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** skal skráning *fornleifa, húsa og mannvirkja* fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁴⁶ Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og hefur sett reglur þar sem skilgreindar eru kröfur stofnunarinnar um skráningu fyrir hvert skipulagsstig.⁴⁷

Ákvæði um *verndun og varðveislu húsa og mannvirkja* er að finna í VII. kafla laganna, 29.–33. gr. Frá því að lögin tóku gildi 2013 og fram til ársloka 2022 kvað 29. gr. laganna á um að öll hús 100 ára og eldri væru friðuð en samkvæmt breytingu á lögnum sem tók gildi 1. janúar 2023 eru nú *öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð*.⁴⁸ Um þessi hús gildir eftirfarandi ákvæði:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig hefur orðið breyting á 30. gr. laganna um verndun annarra húsa og mannvirkja,⁴⁹ sem kveður nú á um *umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 eða fyrr* (gilti áður um hús byggð 1925 eða fyrr):

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru [1940] eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019** er fjallað um skráningu *friðaðra, friðlýstra og varðveisluverðra* húsa og mannvirkja og þar segir um skráningu vegna deiliskipulags (4. gr.):

Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á deiliskipulagsuppdraetti skal sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar og umfang þeirra.

⁴⁵ Skipulagslög nr. 123/2010, 37. gr., 5. mgr.

⁴⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 16. gr., 1. mgr.

⁴⁷ Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

⁴⁸ Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022, 1. gr.

⁴⁹ Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 nr. 126/2022, 2. gr.

Um skráningu *fornleifa* vegna deiliskipulags segir í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja** (4. gr.):

Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsupprátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Minjastofnun hefur gefið út staðla fyrir skráningu fornleifa sem stofnunin gerir kröfu um að farið sé eftir svo fornleifaskráning í tengslum við skipulagsgerð teljist fullnægjandi.⁵⁰

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er einnig greint frá því hvernig fjalla skuli um *friðun og verndun* svæða og einstakra menningarminja og mannvirkja í deiliskipulagi (5.3.2.17 gr.):

Gera skal grein fyrir gildandi stefnu aðalskipulags og ákvæðum laga um friðun og vernd þ.m.t. um náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.

Afmarka skal verndarsvæði og merkja friðaðar og friðlýstar menningarminjar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar og gera grein fyrir skilmálum sem um þau gilda.

Setja skal nánari skilmála um framkvæmdir og umgengni á viðkomandi svæðum eftir því sem tilefni þykir til, innan þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í aðalskipulagi og lög heimila.

Í **skipulagslögum nr. 123/2010** er kveðið á um gerð *húsakönnunar* vegna deiliskipulags en samkvæmt lögnum skal húsakönnun taka til *allrar byggðar og einstakra bygginga* í þegar byggðum hverfum sem verið er að skipuleggja (37. gr.):

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun (1.3. gr.):

Upplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi.

Minjastofnun Íslands hefur gefið út rafrænt skráningarform og **leiðbeiningar** sem nota skal við skráningu húsa og gerð húsakannana. Í leiðbeiningaritinu er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun:⁵¹

Húsakönnun: Byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er nánar kveðið á um að í deiliskipulagi skuli setja *markmið og skilmála um verndun og viðhald* byggðar og bygginga á *grunni húsakannana* (5.3.2.1. gr.):

Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar.

Þar er jafnframt greint frá heimild til að setja í deiliskipulag ákvæði um *hverfisvernd* eldri byggðar og minja (5.3.2.17 gr.) sem byggir á 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

⁵⁰ Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

⁵¹ Guðlaug Vilbogaóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 4.

Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Tekið er fram að (5.3.2.17 gr.):

Ákvörðun um hverfisvernd húsa, götumynda og byggðarmynsturs skal m.a. byggja á húsakönnun.

Samkvæmt sömu grein skipulagsreglugerðar, skal gera *grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda* vegna hennar um framkvæmdir og umgengni.⁵²

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagar þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein laga um menningarinjar:⁵³

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Með skráningu húsa og mannvirkja fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans og stuðlar að því að ákvarðanir sem varða verndun eða breytingar á byggð eða einstökum húsum byggji á faglegum grunni og séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.⁵⁴

⁵² Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 5. kafli, 5.3.2.17. gr.

⁵³ Lög um menningarinjar nr. 80/2012, 28. gr.

⁵⁴ Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*.

2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík, sem haldið er utan um á Borgarsögusafni Reykjavíkur (áður Árbæjarsafni / Minjasafni Reykjavíkur). Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra. *Við skráningu í Húsaskrá Reykjavíkur er unnið eftir leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.*⁵⁵ *Húsaskráin er undirstaða þeirrar vinnu sem felst í gerð húsakannana og mats á varðveislugildi húsa og byggðaheilda, sem leggja skal til grundvallar við gerð deiliskipulags í þegar byggðum hverfum, samkvæmt skipulagslögum.*

Húsaskráin byggir á margvíslegum heimildum og frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi, svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar, hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

⁵⁵ Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir: *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun.*

2.3 Húsakönnun

Borgarsögusafn vinnur húsakannanir í samræmi við ákvæði skipulagslaga, skipulagsreglugerð og leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana, sem greint er frá hér að framan (sjá kafla 2.1).

2.3.1 Deiliskipulagssvæðið – Laugardalur- Þjóðarhöll

Þessi húsakönnun er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi lóðanna Engjavegar 6 (staðgreinireit 1.137.7301) og Engjavegar 8 (staðgreinireit 1.137.8201) vegna áforma um byggingu Þjóðarhallar fyrir innanhúsiþróttir og viðburði á svæðinu. Svæðið afmarkast skammt austan við Reykjaveg að vestan, Engjavegi að norðan og austan og Suðurlandsvegi og gamla Múlavegi að sunnan (sjá mynd 1). Á svæðinu er annarsvegar Laugardalshöllin á Engjavegi 8 og hins vegar Íþróttamiðstöðin í Laugardalá Engjavegi 6, þar sem eru í dag fjögur mannvirki sem hýsa flest öll sérsambönd Íþróttasambands Íslands.

2.3.2 Núverandi byggð á svæðinu – Helstu einkenni og yfirbragð

Á svæðinu standa í dag alls sex hús, byggð á árunum 1958-2005 (sjá töflu 2). Byggingar við Engjaveg 6 eru tveggja til þriggja hæða steinsteyppt hús, byggð í áföngum á árunum 1964-1986, og mynda heildstæða þyrpingu á svæðinu vestan Laugardalshallar. Laugardalshöllin, sem byggð var á árunum 1959-1964, er steinsteyppt íþróttamannvirki með einkennandi steinsteypptu hálfkúlulaga þaki og er eitt helsta kennileiti á svæðinu. Byggingin er að mestu leyti óbreytt að frátöldum austurhluta sem var breytt fyrst með stækkun í tilefni af HM í handbolta 1995 og árið 2005 með viðbyggingu nýrrar frjálsíþróttahallar. Í frjálsíþróttahöllinni, sem byggð var árið 2005, eru steyptir útveggir upp að hæðarskilum fyrstu hæðar, þar á ofan eru burðarvirki útveggja úr stáli.

Byggingarnar voru flestar hannaðar af Gísla Halldórssyni arkitekt eða teiknistofu hans (Teiknistofunni h.f. Ármúla 6), en aðalhönnuður frjálsíþróttahallarinnar er Bjarni Snæbjörnsson, meðeigandi Teiknistofunnar T.ark (áður Teiknistofan hf. Ármúla 6) frá árinu 1995. Laugardalshöllin var samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar.

Tafla 2. Núverandi hús á svæðinu

Staðfang	Fasteignanr.	Matshluti	Tegund	Notkun	Bygg.ár
Engjavegur 8	F2019522	01	Bygging	Íþróttahús	1964
Engjavegur 8	F2266544	02	Bygging	Íþrótt- og sýningarhús	2005
Engjavegur 6		01	Bygging	Skrifstofur	1964, 1974 ⁵⁶
Engjavegur 6		02	Bygging	Tengibygging	2012
Engjavegur 6		03	Bygging	Skrifstofur	1986 ⁵⁷
Engjavegur 6		04	Bygging	Skrifstofur	1991

Matshlutanúmer fyrir Engjaveg 6 eru fengin af Borgarvefsjá.⁵⁸

BYGGINGARTÍMABIL HÚSA Á SVÆÐINU


Mynd 21. Kort sem sýnir byggingartímabil húsa á deiliskipulagssvæðinu (innan strikalínu).

⁵⁶ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 280-283.

⁵⁷ Jón M. Ívarsson, Gísli Halldórsson – Minningar, menn og málefni, 280-283.

⁵⁸ Borgarvefsjá: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja>.


2.3.3 Húsaskrá: Laugardalur – Þjóðarhöll



Mynd 22. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.⁵⁹

⁵⁹ Grunnur úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Merking svæðis: Steinunn Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi ÍSÍ, ÍBR, KSÍ

Hönnun Gísli Halldórsson
arkitektUpphafleg notkun
Íþróttamiðstöð, skrifstofur**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Ál
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Þrílyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Árið 1961 gerðu ÍSÍ og ÍBR samstarfssamning um að byggja íþróttamiðstöð í Laugardal, vestan Laugardalshallar. Fyrsti áfanginn (mhl.01, austurendi) var fullgerður 1964. Fljótlega varð húsnæðið of lítið og 1970 var stærsta sambandið, KSÍ farið að huga að eigin byggingu. Þá var gert samkomulag um að ÍSÍ, ÍBR og KSÍ myndu sameinast um að byggja aðra byggingu jafnstóra þeirri fyrstu (2. áfangi, mhl.01, vesturhluti). Framkvæmdir hófust árið 1972 og þeim lauk árið 1974. Fljótlega var aftur farið að huga að frekari framkvæmdum. Skipuð var ný byggingarnefnd undir forystu Gísla Halldórssonar og ákveðið að byggja nýtt hús vestan við þegar gerðar byggingar (3.áfangi, mhl.03) ásamt tengingu á milli (mhl.02). Húsið var á þremur hæðum með kjallara að hluta. Á fyrstu hæð voru gistihvergi, á annarri hæð voru fundarsalir og kennslurými og skrifstofur ÍSÍ og Ólympíunefndar voru staðsettar á þriðju hæð. Gistiryfum fyrstu hæðar var fljótlega breytt í fundar- og skrifstofurými fyrir sérsamböndin. Húsið var tekið í notkun 21. júní 1986 við hátíðlega athöfn.

Varðveislumat**Byggingarlist:**

Miðlungs gildi. Hefðbundin og nútímaleg hönnun skrifstofubygginga frá seinni hluta 20. aldar.

Meningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Íþróttamannvirki sem er hluti af sögu svæðisins og hefur sterka tengingu við félags- og menningarstarf í hverfinu.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin standa í jaðri íþróttasvæðisins og mynda heildstæða þyrpingu.

Upprunaleg gerð:


Hátt gildi. Húsunum hefur lítið verið breytt.

Varðveislugildi:

Húsin hafa miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi ÍSÍ

Hönnun Teiknistofan HF, Ármúla 6

Upphafleg notkun
Íþróttamiðstöð, skrifstofur**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Ál
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tví- og
þrílyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um 1990 var farið að huga að fjórða og síðasta áfanga Íþróttamiðstöðvarinnar að Engjavegi 6. Húsið var reist sunnan við byggingar í þyrpingunni og tengt þeim með tengingangi. Húsið er stærsta hús Íþróttamiðstöðvarinnar, byggt sem skrifstofuhús. Byggingu hússins lauk árið 1992.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Hefðbundin og nútímaleg hönnun skrifstofubygginga frá seinni hluta 20. aldar.


Meningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af sögu uppbyggingar íþróttamannvirkja á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi. Byggingin stendur í jaðri íþróttasvæðisins, er hógvær í umhverfinu og myndar gott samspil með öðrum byggingum Íþróttamiðstöðvarinnar.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsinu hefur ekki verið breytt.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Reykjavíkurborg, ÍBR

Hönnun Gísli Halldórsson,
Skarphéðinn JóhannssonUpphafleg notkun
Íþróttahús og sýningarsalur**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttad
Þakgerð	Flatt-/Bogaþak
Þakklæðning	Steyp
Undirstöður	Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Ein- og tvílyft

Helstu breytingar

1995 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Gísli Halldórsson arkitekt

Saga

Laugardalshöllin var teiknuð af arkitektunum Gísla Halldórssyni og Skarphéðni Jóhannssyni árið 1959 og reist af Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagi Reykjavíkur á árunum 1959-1964. Þak Laugardalshallarinnar var ekki steypfyrir en haustið 1963 og húsið var ekki vígt fyrir en í desember 1965 með landsleik Íslands og Sovétríkjanna.

Ákveðið var að steypa þak hússins og forma það sem hálfkúlu. Þakið var á sínum tíma stærsta steinsteypa kúluþak á Norðurlöndum.

Fyrsta viðbygging við upprunalegu Laugardalshöllina var byggð austan megin hússins til að fjölga áhorfendastæðum vegna HM í handbolta sem fram fór 1995.

Margir stórvíðburðir í íþróttum, listum og menningu hafa farið fram í Laugardalshöllinni. Skákeinvígi Bobbys Fischers og Boris Spasskys um heimsmeistaratilinn árið 1972 er án efa einn sá stærsti. Stórhljómsveitin Led Zeppelin hélt þar eftirminnilega tónleika árið 1970 sem voru upphafið að komu margra þekktara tónlistamanna í höllina. Auk þess hafa oft verið haldnar þar stórar ráðstefnur ásamt vöru – og atvinnuvegasýningum af ýmsu tagi.

Árið 2003 var ákveðið að byggja nýtt frjálsíþróttahús austan megin við Laugardalshöllina. Nýja húsið tengist eldri Laugardalshöll um hliðarbygginguna sem gerð var árið 1995.

Varðveislumat**Byggingarlist:**

Hátt gildi. Húsið er merkt samvinnuverkefni arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar. Meginserkenni hússins er hið einkennandi steinsteypa hálfkúluþak.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt gildi. Íþróttamannvirki sem er hluti af sögu Laugardals sem útivistar- og íþróttasvæðis og hefur sterka tengingu við íþrótt- og félagsstarf í borginni.

Umhverfisgildi:

Hátt gildi. Byggingin er eitt helsta núverandi kennileiti á svæðinu. Nýbygging til austurs (mhl. 02) fellur vel að og er hógvær gagnvart eldri byggingu.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Núverandi hús er að mestu leyti óbreytt.


Varðveislugildi:

Húsið hefur hátt varðveislugildi. Lagt er til að það verði hverfisverndað í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistalegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrsti eigandi Fasteignafélagið
Laugardalur ehf.

Hönnun Bjarni Snæbjörnsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íþróttahús og sýningarsalur



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt/ stál
Klæðning	Gler/Málmklæðn.
Þakgerð	Boga-/flatt þak
Þakklæðning	Ál-/pappi-möl
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Hafist var handa við að reisa fjölnota sal, til frjálsíþrótt- og sýningaaðstöðu auk ráðstefnuaðstöðu austan við eldri Laugardalshöllina. Húsið tengist eldri Laugardalshöll um hliðarbygginguna sem gerð var sérstaklega fyrir HM í handbolta árið 1995. Aðkomusalurinn er í beinu framhaldi af forsal Laugardalshallar og mynda húsin þannig eina heild.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Hátt gildi. Nútímaleg hönnun íþróttamannvirkis frá fyrri hluta 21. aldar.

Meningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Íþróttamannvirki sem er hluti af sögu svæðisins og hefur sterka tengingu við félags- og menningarstarf í hverfinu.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Stærsta bygging á svæðinu sem fellur vel að og er hógvæð gagnvart eldri byggingu.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er óbreytt að gerð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi.

2.3.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Í varðveislumati húsakönnunar er gerð grein fyrir *verndarstöðu* viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem byggð eru 1923 og fyrr byggir á lögum um menningarminjar nr. 80/ 2012. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 og fyrr.⁶⁰ Hverfisvernd er skilgreind í skipulagslögum nr. 123/2010.⁶¹

Í húsakönnunum eru einnig, á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi, gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda sem síðan geta hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir m.a. á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík.⁶² Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.⁶³

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.⁶⁴ Metnir eru eftirfarandi þættir og gildi hvers og eins metið *hátt, miðlungs* eða *lágt: Byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki (upprunalegt gildi) og tæknilegt ástand*. Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húss, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

2.3.4.1 Verndarflokkar

Verndarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

Friðlýst hús og mannvirki - BLÁR FLOKKUR

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.⁶⁵ Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

⁶⁰ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29.-31 gr.

⁶¹ Skipulagslög nr. 123/2010 2. gr. 1. mgr. 10. liður og nánar um framkvæmd í 12. gr., 6. mgr.

⁶² *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*, „A: Meginmarkmið um þróun byggðar“, sjá kaflann „Borgarvernd“, bls. 136-139 og viðauka 8 („Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“). Sjá einnig fylgirit „B2: Borg fyrir fólk“, kaflann „Borgarvernd“, bls. 164-167. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/aðalskipulag>.

⁶³ *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁶⁴ Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir: *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*.

⁶⁵ Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.

Friðuð hús og mannvirki - FJÓLUBLÁR FLOKKUR

Öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 og fyrr eru friðuð samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201. ⁶⁶ Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá. ⁶⁷

Umsagnarskyld hús - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1940 eða fyrr eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Verndarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2040:⁶⁸

Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040* er sett fram nógildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík:⁶⁹

Einstök hús, húsaðir og götumyndir - RAUÐUR FLOKKUR

Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁷⁰

Samstæður húsa og heildir - GULUR FLOKKUR

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁷¹

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.“

IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.“

⁶⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012; *Vef*. Minjastofnun Íslands. „Friðuð hús og mannvirki.“

⁶⁷ Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

⁶⁸ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*, „A: Meginmarkmið um þróun byggðar“, sjá viðauka 8 („Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“). Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/aðalskipulag>.

⁶⁹ Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 140–143 („Borgarvernd“); Viðaukar, 52 („Viðauki 8. Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“); Fylgirit B2: Borg fyrir fólk, 164–167.

⁷⁰ Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁷¹ Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Það er skilningur Borgarsögusafns að tilgangur hverfisverndar sé ekki að koma í veg fyrir allar breytingar á verndaðri byggð heldur sé hún *tæki minjavörslu og skipulagsyfirvalda til að vekja athygli á, leiðbeina um og standa vörð um sérkenni og sérstöðu eldri byggðar*, til að draga fram þau einkenni og gæði sem veita henni sérstöðu eða ljá henni heildstætt yfirbragð og tryggja að tekið sé mið af þeim sérkennum, einkennum og gæðum við viðhald eða breytingar þannig að þau verði varðveitt til framtíðar.

2.3.4.2 Verndarstaða húsa og mannvirkja á svæðinu gagnvart lögum um menningarminjar

Húsin á deiliskipulagssvæðinu eru byggð eftir 1940 og falla því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. (VII. kafli. Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja, 29. og 30. gr.).

2.3.4.3 Niðurstöður um varðveislugildi og tillögur um hverfisvernd húsa og heilda⁷²


Eftirfarandi eru niðurstöður varðveislumats Borgarsögusafns fyrir hús og heildir á deiliskipulagssvæðinu, sem tekur til lóðanna Engjavegar 6 og Engjavegar 8:

Laugardalshöll hin eldri, sem byggð var á árunum 1958-1965 og var samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar, hefur hátt varðveislugildi sem mikilvæg bygging í íslenski byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og eitt helsta kennileiti á svæðinu. Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypa hálfkúlupak sem hallar aflíðandi til suðurs, en lögun þess er einkum sýnileg úr suðvestri, frá Suðurlandsbraut, þeim megin sem gert ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll

Önnur mannvirki á svæðinu hafa nokkuð menningarsögulegt gildi, en að samanlögðum þeim fjórum þáttum sem taka til varðveislumats hafa þau miðlungs varðveislugildi og teljast ekki hafa slíkt gildi að ástæða sé til að gera sérstaka tillögu um verndun þeirra.

⁷² Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að tillögur um hverfisverndun húsa og heilda sem settar eru fram í húsakönnunum safnsins séu viðbót við og endurskoðun á húsverndarstefnu Reykjavíkur, eða svokallaðri Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var upphaflega gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: „Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili“ (bls. 9). Tillögur um hverfisvernd sem settar eru fram í húsakönnunum Borgarsögusafns eru færðar inn í Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) og eru sýnilegar í Borgarvefsjá.

VARÐVEISLUGILDI HÚSA Á DEILISKIPULAGSSVÆÐINU⁷³




⁷³ Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), sjá Borgarvefsjá: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja>. Kortavinsla: Steinunn Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Lagt er til að Laugardalshöll (Engjavegur 8, mhl.01) verði vernduð í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistalegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Mikilvægt er að fram komi í skilmálum deiliskipulags að við hönnun og útfærslu fyrirhugaðrar þjóðarhallar á svæðinu, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina mun hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, skuli tekið tillit til hönnunar og ásýndar hinnar eldri byggingar. Mikilvægt er að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

HVERFISVERND Á DEILISKIPULAGSSVÆÐINU – TILLÖGUR BORGARSÖGUSAFNS: ⁷⁵



⁷⁵ Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), sjá Borgarvefsjá: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja>. Kortavinnsla: Steinunn Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótavirðingar Reykjavíkur.

Aðf. 738. Bók 1915-1917. Sjá vef Borgarskjalasafns,
<https://www.borgarskjalasafn.is/static/files/Midlun/Brunabotavirdingar/Brunavirdingar/738-bok-26-05-1915-til-10-11-1917-adfnr-738.pdf>, sótt 16.janúar 2024.

Aðf. 739. Bók 1917-1920. Sjá vef Borgarskjalasafns,
<https://www.borgarskjalasafn.is/static/files/Midlun/Brunabotavirdingar/Brunavirdingar/739-bok-23-11-1917-til-13-11-1920-adfnr-739.pdf>, sótt 16.janúar 2024.

Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E-skjöl)

Laugabrekka (E/4).

Múli (E/2).

Skjöl byggingarnefndar og byggingarfulltrúa (B-skjöl)

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Skjalaver Reykjavíkurborgar Höfðatorgi

Skipulagsuppdrættir (Uppdráttasafn umhverfis- og skipulagssviðs).

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Aðaluppdrættir.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit. Reykjavík:

Borgarskipulag Reykjavíkur, 1995.

Prentaðar / útgefnar heimildir

„Búast má við stórbættum árangri“, *DV*, 4. apríl 2005

„Búskap hætt í Laugardal“, *Tíminn*, 14.sept. 1963

„4 býli verða að hverfa“, *Alþýðublaðið*, 15.sept. 1963

Einar S. Arnalds. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík:

Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1989.

Eggert Þór Bernharðsson. *Saga Reykjavíkur: Borgin: 1940-1990*. Fyrri hluti. Reykjavík:

Iðunn, 1998.

„Frjálsíþróttahöll og keppnislaug“, *Fréttatíminn* 29.júlí 2003.

- Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir. *Gísli Halldórsson arkitekt*. Reykjavík: Gísli Halldórsson, 2009.
- Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir. *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Leiðbeiningar 2. Reykjavík: Minjastofnun Íslands, 2019.
- Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Skýrsluröð Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla 162. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2013.
- Jón M. Ívarsson. *Gísli Halldórsson: Minningar, menn og málefni*. Reykjavík: Tómasarhagi 31, 2005.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. Sjá lagasafn á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagasafn/>.
- Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H-P). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1987.
- Reykjavíkurborg. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021.
- Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur). *Aðalskipulag Reykjavíkur 1990–2010*. Reykjavík: Borgarskipulag Reykjavíkur, 1992.
- Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur). *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar*. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016. Reykjavík: Borgarskipulag Reykjavíkur, 1998.
- „Skemmtigarður og íþróttasvæði Reykjavíkur“, *Þjóðviljinn*, 7. ágúst 1943.
- Skipulagslög nr. 123/2010, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>, sótt 15. september 2023.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, <https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013>, sótt 15. september 2023.
- Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund: Býlið, byggðin og borgin*. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan, 1998.

Vefheimildir / rafræn gögn / kortasjár

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands: <https://skra.is/fasteignir/>.

Lagasafn á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagasafn/>.

Reykjavíkurborg.

Skipulagssjá Reykjavíkurborgar: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>.

Teikningavefur, <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Stafrænt blaða- og tímaritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns o.fl.:
<http://timarit.is/>.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <https://teikningar.reykjavik.is/fotoweb/>.

Vefur Skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <https://borgarsogusafn.is/utgafa/skyrslur>.

Vefur Landmælinga Íslands: <https://www.lmi.is/>.

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómanskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellilíaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.
- 216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.
- 217 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 218 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.
- 220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 223 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 224 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ivarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.
- 226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbyggingsarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.
- 227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir skotsvæði á norðanverðu Álfnesi*. Rvk. 2023.
- 229 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Klökk – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 230 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgalínu – Lotu 1. Ártúnshöfði – Fossvogur*. Rvk. 2023.
- 231 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Þjóðarhöll. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.



UMSÖGN

Varðar: Laugardalur, Vesturhluti breyting á deiliskipulagi vegna uppbyggingu nýrrar þjóðarhallar.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka en innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er allt að 20.000 m². Jafnframt minnkar lóð G og framlengdur Vegmúli inn í Laugardal og lóð fyrir bílakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR eru felld út úr skipulagi.

Tillagan var auglýst frá 25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðila:

Íbúaráð Laugardals, dags. 9. maí 2023.

Borgarsögusafn, dags. 6. júlí 2023.

Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, 7. júlí 2023

Minjastofnun Íslands, dags. 20. júlí 2023.

SAMANTEKT:

Almennt ganga athugasemdir hagsmunaaðila út á:

- *Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið.*
- *Ekki liggur fyrir húsaskráning fyrir skipulagssvæðið.*
- *Vernda þarf Laugardalshöllina með hverfisvernd í deiliskipulagi.*
- *Óvissa um afkastagetu nýrrar þjóðarhallar.*
- *Ótryggt aðgengi skóla og íþróttafélaga að nýrri höll.*

ALMENNT YFIRLIT BREYTINGA:

- Framlengdur Vegmúli inni í Laugardal er felldur út af deiliskipulagi.
- Lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka til suðurs í átt að Suðurlandsbraut og að stíg sem liggur norðan æfingasvæðis fyrir fótbolta á milli Suðurlandsbrautar og Engjavegar. Lóðin stækkar úr 30.260 m² í 35.030 m².
- Vegna stækkunar lóðar F minnkar lóð G úr 16.561 m² í 13.921 m².
- Gert er ráð fyrir að rafstrengur sem liggur í öxl stígs milli Laugardalshallar og Suðurlandsbrautar geti hliðrast á stuttum kafla út fyrir stækkaða lóð og byggingarreit Laugardalshallar fyrir nýja þjóðarhöll.

- Innan byggingarreits lóðar F er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhússknattíþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er 20.000 m² og hámarkshæð frá aðalgólfi Laugardalshallar er 21 m. Bílastæðum fækkar á lóðinni þar sem hluti bílastæða fellur undir stækkaðan byggingarreit. Ekki er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum á lóðinni, einungis nauðsynlegum aðkomusvæðum vegna viðburða.
- Lóð fyrir bílakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR er felld út úr deiliskipulagi.

Efnislegar athugasemdir sem bárust eru eftirfarandi:

Íbúaráð Laugardals

Umsögn íbúaráðs Laugardals, dags. 8. maí 2023, um tillögu að breyttu deiliskipulagi Laugardals – Þjóðarhallar

Íbúaráð Laugardals vill ítreka þær áhyggjur sem fram hafa komið vegna aðstöðuleysis til íþróttaiðkunar barna og ungmenna í dalnum bæði hvað varðar skóla og íþróttafélög hverfisins.

Ráðið harmar einnig að ekki hefur verið kallað eftir áliti og afstöðu íbúa hverfisins. Lítið sem ekkert samráð hefur verið haft um vilja íbúa til þess að fá slíkt mannvirki í hverfið. Er ráðinu sérstaklega umhugað um aðgengismál innan hverfisins á stórum viðburðum.

Ráðið tekur undir áhyggjur skólanna sem og íþróttafélaga hverfisins og kallar eftir ítarlegum svörum við þeim spurningum og athugasemdum sem fram hafa komið, sbr. sameiginleg ályktun Ármanns og Þróttar dagsett 16. febrúar 2023. Afkastageta hallarinnar hefur ekki verið lögð fram og því ekki vitað hversu gott svigrúm verði fyrir íþróttafélögin eða skólana sem tryggi aðgengi þeirra að húsnæðinu.

Kallað verði eftir því að fulltrúar hverfisins fái aðkomu að þarfagreiningu og frekari vinnu og þróun. Að hverfið fái að upplifa að í boði verði eðlileg þjónusta fyrir öll í Laugardalnum, í annað hvort þjóðarhöllinni eða Laugardalshöll. Fer ráðið fram á að íþróttaiðkun barna og kennsla skv. aðalnámskrá verði ekki víkjandi breyta í skipulagi og uppbyggingu innviða hverfisins.

Á sama tíma og ráðið fagnar því að verið sé að stefna að því að byggja upp góðan og löngu tímabærann þjóðarleikvang þá er það krafa að framkvæmdin þjóni íbúum hverfisins. Er það skilningur ráðsins að þjóðarleikvangurinn hafi á umræðu- og skipulagsvettvangi, yfirtekið þá aðkallandi þörf, að skortur er á íþróttamannvirki fyrir skóla og íþróttafélög hverfisins.

Athugasemd: Afkastageta hallarinnar hefur ekki verið lögð fram og því ekki vitað hversu gott svigrúm verði fyrir íþróttafélögin eða skólana sem tryggi aðgengi þeirra að húsnæðinu.

Svar: Áætlað er að ný þjóðarhöll verði allt að 20.000 m² að stærð og með sæti fyrir allt að 8.700 áhorfendur. Gert er ráð fyrir að hægt verði að draga hluta áhorfendastúkunnar inn sem skapar meira svigrúm á keppnisgólfinu. Þarf af leiðandi geti fleiri en einn hópur rúmast til æfinga á gólfinu í einu. Jafnframt verður æfingaaðstaða í Laugardalshöll ekki jafn þaulsetin og áður með tilkomu nýrrar þjóðarhallar. Ljóst er að ný þjóðarhöll mun stórbæta æfingaaðstöðu íþróttafélaga og skóla í Laugardal.

Borgarsögusafn

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóð Laugardalshallar (lóð F) og byggingarreitur stækka og að innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Samkvæmt uppdráttunum mun hin nýja bygging rísa á svæði sunnan Laugardalshallar, þar sem nú eru bílastæði og grænt svæði.

Í skipulagsskilmálum er tekið fram að: „Byggingin verður stærðar sinnar vegna áberandi í umhverfi Laugardalsins og allir möguleikar á að hún verði myndarlegt kennileiti í borgarlandslaginu. Áhersla skal því vera á byggingarlist af hæstu gæðum. ... Aðstæður í landi gera það að verkum að þjóðarhöllin mun grafast að hluta til inn í hæðarmun frá Laugardalshöll upp að samgöngustíg norðan Suðurlandsbrautar. ... Heimilt er að útfæra tengibygginu milli hallanna þriggja þannig að þak hennar nýtist sem útisvæði.“

Borgarsögusafn vekur athygli á að *ekki hefur verið gerð húsakönnun* með varðveislumati á þeim byggingum sem þegar standa á svæðinu, en samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar“ þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

Ekki hefur heldur verið unnin fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið, eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 segja til um og samkvæmt reglum og stöðlum Minjastofnunar Íslands, en bent er á að samkvæmt lögum um menningarminjar skulu skipulagsyfirvöld tilkynna Minjastofnun um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Þekkt er að á svæðinu voru býlin *Laugabrekka* og *Múli*, sem nú teljast til fornleifa. Því er ljóst að gera þarf fornleifaskrá fyrir skipulagsreitinn.

Borgarsögusafn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við staðsetningu þjóðarhallarinnar, en telur mikilvægt að fram komi í skilmálum að *við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar*, sem vegna stærðar sinnar og mikillar nálægðar við Laugardalshöllina muni hafa í för með sér miklar breytingar á umhverfi eldri byggingarinnar, *skuli tekið tillit til hönnunar og ásýndar hinnar eldri byggingar, sem er mikilvæg í íslenskri byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu, merkt samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar og helsta níverandi kennileiti á svæðinu*. Í byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir borgarhluta 4, Laugardal, er lagt til að Laugardalshöll verði hverfisvernduð í skipulagi, sem bygging með hátt varðveislugildi.¹ Meginsérkenni byggingarinnar er hið einkennandi steinsteypa hálfkúlubak sem hallar aflíðandi til suðurs, en lögun þess er einkum sýnileg úr suðvestri, frá Suðurlandsbraut, þeim megin sem gert ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll. Safnið telur mikilvægt að þess verði gætt við skipulag og hönnun svæðisins og hinnar nýju byggingar, að hún beri hina eldri ekki ofurliði, þannig að Laugardalshöllin muni áfram geta notið sín sem kennileiti með hátt byggingarlistalegt gildi.

Borgarsögusafn óskar eftir að fá til umsagnar teikningar að hinni nýju byggingu þegar kemur að hönnunarferli hennar og telur einnig að eðlilegt væri að óska eftir álit Minjastofnunar Íslands um hönnun nýrrar byggingar, með tilliti til byggingarlistalegs og menningarsögulegs vægis Laugardalshallar.

Athugasemd: Borgarsögusafn vekur athygli á því að ekki hefur verið gerð húsakönnun með varðveislumati á þeim byggingum sem þegar standa á svæðinu, en samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra

bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar“ þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

Svar: Unnin hefur verið húsakönnun fyrir skipulagssvæðið undir heitinu Laugardalur – Þjóðarhöll.

Athugasemd: Ekki hefur verið unnin fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið, eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 segja til um og samkvæmt reglum og stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Svar: Unnin hefur verið fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið undir heitinu Þjóðarhöll – fornleifaskrá. Punktarnir hafa verið settir inn á deiliskipulagsupprátt og eru tveir þeirra utan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Enginn punktanna er innan byggingarreits þjóðarhallar. Staði fjóss sem tilheyrði Laugabrekku snertir byggingarreit ÍSí vestast á breytingarreitnum.

Athugasemd: Í byggðakönnun Borgarsögusafns er lagt til að Laugardalshöll verði hverfisvernduð í skipulagi, sem bygging með hátt varðveislugildi.

Svar: Hverfisvernd er sett á austur- og norðurhlið meginbyggingar Laugardalshallar. Suðurútbbygging með búningsklefum er undanskilin og má verða hluti af þjóðarhöll.

Minjastofnun Íslands

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirlöng um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið, en árið 2013 var gefin út *Byggðakönnun - Borgarhluti 4 – Laugardalur*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 162. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins. Í meðfylgjandi umsögn Borgarsögusafns um deiliskipulagsbreytinguna kemur fram að á svæðinu hafi staðið býlin Laugabrekka og Múli sem nú hafa náð 100 ára aldri og teljast því til fornleifa sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Ekki liggur fyrir húsaskráning fyrir skipulagssvæðið. Samkvæmt fasteignaskrá eru tvö hús innan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Það eru Engjavegur 6, skrifstofubygging byggð árið 1964 ásamt viðbyggingu sem byggð var árið 1991 og Engjavegur 8, Laugardalshöll sem byggð var árið 1964 ásamt viðbyggingu sem byggð var árið 2005. Hús þessi eru byggð eftir árið 1940 falla því ekki undir verndarákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar og því er ekki gerð krafa um húsaskráningu sbr. 16. gr. þeirra laga. Rétt er þó að benda á að Laugardalhöllin, sem byggð var á árunum 1958-1965 og var samvinnuverk arkitektanna Gísla Halldórssonar og Skarphéðins Jóhannssonar, er eitt helsta núverandi kennileiti á svæðinu. Minjastofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Borgarsögusafns um að Laugardalshöllin sé mikilvæg í íslenskri byggingarlíkastögu, menningar- og íþróttasögu og að mikilvægt sé að fram komi í skilmálum deiliskipulagsins að við hönnun og útfærslu hinnar nýju byggingar skuli tekið tillit hönnunar á ásýndar Laugardalshallarinnar. Einnig tekur stofnunin undir tillögu Borgarsögusafns um að lagt sé til að vernda Laugardalshöllina með hverfisvernd í deiliskipulagi. Rétt er að benda á að í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Í ljósi ofangreindra upplýsinga um Laugardalshöllina telur Minjastofnun æskilegt að unnin verði húsakönnun með varðveislumati áður en deiliskipulagið er afgreitt.

Athugasemd: Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir deiliskipulagssvæðið.

Svar: Unnin hefur verið fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið undir heitinu Þjóðarhöll – fornleifaskrá. Punktur fornleifa hafa verið settir inn á deiliskipulagsupprátt og eru tveir þeirra utan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Enginn punktanna er innan byggingarreits þjóðarhallar. Stæði fjóss sem tilheyrði Laugabrekku snertir byggingarreit ÍSÍ vestast á breytingarreitnum.

Athugasemd: Minjastofnun tekur undir tillögu Borgarsögusafns um að lagt sé til að vernda Laugardalshöllina með hverfisvernd í deiliskipulagi.

Svar: Hverfisvernd er sett á austur- og norðurhlið meginbyggingar Laugardalshallar. Suðurútbygging með búningsklefum er undanskilin og má verða hluti af þjóðarhöll.

Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands

ÍBR og ÍSÍ sendu einnig inn stutta umsögn en gerðu ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Veitur

Veitur sendi ekki inn umsögn en skipulagstillagan var unnin í nánu sambandi við félagið. Háspennustrengur liggur í norðurkanti samgöngustígs sunnan Laugardalshallar. Ekki er hægt

að breyta legu strengsins nema á stuttum kafla rétt syðst þar sem hann mætir broti á legu háhitalagnar. Háhitalögnin verður ekki færð.

Niðurstaða:

Lagt er til að uppfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í kjölfar athugasemda og ábendinga frá Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafni.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur.